

Besta tónleikasveit rokksins í dag

Stórhljómsveitin Velvet Revolver er væntanleg hingað til lands 7. júlí. Fréttablaðið ræddi við Duff McKagan, bassaleikara sveitarinnar.



Ath! **25% afsláttur!**
Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó

LAUGARÁS BÍÓ

EGO
Meira fyrir peninginn

FRÉTTABLAÐIÐ

24. apríl 2005 – 109. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR




FRAMSÓKN BAKKAR EKKI Framsóknarmenn ætla ekki bakka með að breyta lögum um eftirlaun og segja þær í undirbúningi hjá forsætisráðuneytinu. **Sjá síðu 2**

LANDSPÍTALANUM STEFNT Læknafélag Íslands hefur stefnt Landspítala - háskólasjúkrahúsi fyrir að veita unglæknum ekki uppsafnað frí fái þeir ekki ellefu klukkustunda hvíld á sólarhring. **Sjá síðu 2**

FIMM TIL INDÓNESÍU Rauði kross Íslands sendir á næstu dögum fimm sendifulltrúa til viðbótar til hamfarasvæða flóðanna sem urðu eftir jarðskjálftann mikla á annan í jólum. **Sjá síðu 4**

IMPREGILO ÍHUGAR MÁLSHÖFÐUN Impregilo hugleiðir að fara með nýfallinn úrskurð yfirsattaneftar um erlenda verkamenn fyrirtækisins fyrir dómstóla. **Sjá síðu 6**



BJARTVIÐRI norðaustan og austan til, annars fremur skýjað. Hætt við þokusúld með ströndum landsins einkum þó sunnan til. Hiti 7-14 stig að deginum. **Sjá síðu 4.**



ODDALEIKUR Í EYJUM Það ræðst í Vestmannaeyjum í dag hvort ÍBV eða ÍR mætir Haukum í úrslitum um Íslandsmeistarátitilinn í handbolta karla. Leikurinn hefst klukkan 16.15.

Kvikmyndir	30	Myndlist	29
Tónlist	29	Íþróttir	24
Leikhús	29	Sjónvarp	32

77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*
Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Straumur eykur hlut sinn

Deilum Straums og ráðandi afla í Íslandsbanka er ekki lokið. Straumur á tvo kosti: að selja eða gera atlögu. Straumur keypti í bankanum fyrir þrjú milljarða fyrir helgi. Atlaga er því líklegri kostur.

VIÐSKIPTI Straumur fjárfestingarbanki keypti á föstudag bréf í Íslandsbanka fyrir þrjú milljarða króna. Þessi kaup benda eindregið til þess að Straumur muni leggja upp í lokaorrustu um bankann. Kaupin verða tilkynnt á mánudag. Eigendur Landsbankans og viðskiptafélagar þeirra hafa veruleg ítök í hluthafahópi Straums.

Viðræður voru um sameiningu Straums og Íslandsbanka fyrir nokkrum vikum í þröngum hópi forystumanna beggja fjármálafyrirtækjanna. Full alvara var í

viðræðunum, en sala Íslandsbanka á meirihluta hlutfjár í Sjóvá til Karls Wernerssonar hefur siglt slíkum viðræðum í strand.

Straumur stendur nú fyrir tveimur kostum: annars vegar að selja hlut sinn í Íslandsbanka eða að tryggja sér meirihlutavald í bankanum. Fullyrt er að meðal stærstu hluthafa séu menn tilbúnir að selja hlut sinn fáist nógu hátt verð. Að öðrum kosti er núverandi meirihluti tilbúinn að verja stöðu sína í bankanum. Með sölu Sjóvár hefur Karl Wernersson tryggt sér

lykilstöðu í eigendahópnum og gæti varið meirihlutann í gegnum Sjóvá og sameiginlegt fjárfestingarfélag sem fyrirhugað er að stofna í sameign Þáttar sem er í eigu Karls og systkina, Sjóvár og Íslandsbanka.

Straumsmenn hafa gagnrýnt söluna til Karls harðlega. Fjórir bankaráðsmenn Íslandsbanka greiddu atkvæði með sölnunni, en Steinunn Jónsdóttir, Þórarinn V. Þórarinnsson og Úlfar Steindórs-son munu ekki hafa greitt henni atkvæði sitt.

Almennt er talið að Íslandsbanki hafi fengið gott verð fyrir bréfin. Í sölusamningum við Karl eru ákvæði sem tryggja að Sjóvá getur ekki farið í samstarf við önnur fjármálafyrirtæki. Íslandsbanki getur einnig komið í veg fyrir að samþykktum verði breytt. Meirihluti stjórnar Íslandsbanka telur því að bankinn hafi með sölnunni tryggt sér kosti samstarfs banka og tryggingarfélag, en um leið losað mikla fjármuni til annarra verkefna.

- hh

Sjá bls.10



KÖRFUBOLTI Í SÓLSETRI Strákarnir sem léku sér í körfubolta við Austurbæjarskóla kunnu vel að meta veðurblíðuna sem var á höfuðborgarsvæðinu í gær. Það var nánast logn í borginni og hitinn fór í um tíu stig. Mestur hiti í gær mældist hins vegar fjórtán stig á Egilsstöðum.

Nýr kólumbískur kókaínrisi

Norte Valle-eiturlyfjáhringurinn hefur tekið við af Medellín- og Cali-hringjunum sem sá öflugasti og ofbeldissinnaðasti í Kólumbíu. Höfuðpaurinn er á lista yfir tíu eftirsóttustu glæpamenn heims.



SÍÐUR 18 og 19

Tungumálið er hljóðfæri hugans

Í viðtali við Fréttablaðið ræðir Njórður P. Njarðvík um málrækt, kæruleysi í málnotkun og gildi íslenskrar tungu.



SÍÐA 16

Deila Kína og Japan: Sátt virðist í sjónmáli

INDÓNESÍA, AP Sátt virðist í sjónmáli í milliríkjadeilu Kínverja og Japana sem hefur farið stigvaxandi undanfarnar vikur. Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, og Hu Jintao, forseti Kína, funduðu saman í Indónesíu í gær þar sem fram fer ráðstefna leiðtoga Asíu- og Afríkuríkja. Báðir sögðu fundinn hafa verið opinskáan og gagnlegan.



HU JINTAO

Deilan hefur meðal annars snúist um umdeildar japanskar sögukennslubækur, sem Kínverjar segja sögufölsun. Koizumi baðst í fyrradag afsökunar á yfiringangsstefnu Japana í Asíu á dögum síðari heimsstyrjaldar.

„Hegðun Japana undanfarið hefur verið mjög móðgandi,“ sagði Hu Jintao eftir fundinn. „Japanar ættu aldrei aftur að gera eitthvað sem sært getur tilfinningar kínversku þjóðarinnar eða annarra Asíuþjóða.“

Vor-útsala
OPIÐ 13-18

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

LOKADAGUR!



SPURNING DAGSINS

Smári, var boðið upp á molasopa?

„Í Molanum er boðið upp á svo margt gott.“

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, var einn fjölmargra viðstaddra þegar Molinn, ný skrifstofu- og verslunarmiðstöð á Reyðarfirði, var opnaður í fyrradag.

Stolnu Munch-málverkin:

Höfuðpaur handtekinn

OSLÓ Lögreglan í Osló í Noregi hefur handtekið 37 ára gamlan mann grunaðan um aðild að þjófnaði á tveimur málverkum úr Munch-safninu í ágúst í fyrra. Ránið þótti með eindæmum bíræfið því ruðst var inn



MADONNA EFTIR MUNCH

í safnið um hábjartan dag og málverkin Ópið og Madonna tekin. Áður höfðu tveir verið handteknir í tengslum við ránið.

Greint er frá því á vef Aftenposten í Noregi að maðurinn harðneiti allri aðild að ráninu. Lögmaður mannsins hefur ráðlagt honum að tjá sig ekki frekar fyrr en lögregla hefur lagt fram gögn í málinu, en hún telur manninn vera höfuðpaurninn að ráninu. ■

LOTTÓ

PREFALDUR NÆST Enginn var með fimm tölur réttar í Lottóinu í gærkvöld. Potturinn verður því þrefaldur næstkomandi laugar-dag. Tölurnar sem komu upp voru 4, 5, 9, 14 og 17. Bónustalan var 16.

LÖGREGLUFRÉTTIR

MEÐ AFSAGAÐA HAGLABYSSU

Ókuferð karls og konu vestan við Eyrarbakka var stöðvuð á föstudag af lögreglunni á Selfossi ásamt ferð manns fyrir aftan þau. Skótu hjúin voru með afsagða haglabyssu ásamt skotvopnum. Í kjölfarið var gerð í húsleit á Eyrarbakka og fundust lítilræði af kannabisefnum auk eggvopns. Haglabyssunni reyndist hafa verið stolið í innbroti í Reykjavík í fyrra. Fólkinu var sleppt eftir yfirheyrslu í gærkvöld.

Hnúfubakur í Reykjavíkurhöfn:

Vakti lukku ferðamanna

HVALASKOÐUN „Þetta er í fyrsta sinn sem ég veit til þess að stórhveli hafi komið inn í höfnina hér í Reykjavík,“ segir Einar Örn Einarsson, skipstjóri á hvalaskoðunarskipinu Eldingu. Einar sem er vanur að þurfa að fara langt út á Faxaflóa til að sýna ferðamönnum stórhveli þurfti vart að snúa bát sínum við í gærmorgun en þar var 8 til 10 metra langur hnúfubakur á ferð.

Innkoman í höfnina í Reykjavík er grýtt mjög og erfið og ekki heiglum hent að komast þar inn fyrir þá sem ekki þekkja en hvalurinn virtist kunna ágætlega við sig og rataði auðveldlega út aftur

eftir hádegið. Taldi Einar að dýrið hefði verið að fá sér æti.

„Aðstæður hér í höfninni eru orðnar allt aðrar og betri en áður var og ekkert tiltökumál fyrir stærri dýr að næla sér í bita hér.“

Vakti hvalurinn mikla athygli og lukku meðal ferðamanna sem sumir hverjir koma gagngert til landsins til að líta þessi dýr agum.

- aðe

HVALURINN Í HÖFNINNI
Einar Örn Einarsson, skipstjóri á hvalaskoðunarskipinu Eldingu, segir hvalinn líklega hafa verið í leit að æti.



MYND BALDUR HRAFNELL JÓNSSON

Framsókn bakkar ekki svo glatt

Framsóknarmenn ætla ekki bakka með að breyta lögum um eftirlaun og segja þær í undirbúningi hjá forstæðisráðuneytinu. Núningur er innan stjórnarflokkanna vegna laganna sem framsóknarmenn telja ósanngjörn.

STJÓRN MÁL „Mín tilfinning er sú að Halldór bakki nú ekki svo glatt enda hefur hann lýst því yfir að hann vilji sjá á þessu breytingar,“ segir Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, vegna ummæla Davíðs Oddssonar, utanríkisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins. Davíð segir að ekki standi til að endurskoða lög um eftirlaun ráðherra og þingmanna.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hafði greint Alþingi frá því að lög in væru í endurskoðun. Var það eftir að ljóst varð að við breytingar á lögum árið 2003 gætu fyrrverandi ráðherrar og þingmenn fengið greidd eftirlaun þrátt fyrir að vera enn á fullum launum í öðrum störfum á vegum ríkisins. Allnokkrir fyrrverandi ráðherrar þiggja nú þegar þess konar eftirlaunagreiðslur ofan á venjuleg laun sín. Spurningar hafa vaknað um hvort hægt sé að afnema réttindi þeirra með laga-breytingum.

Magnús bendir á að þar sem lítið sé eftir af yfirstandandi þingi sé ólíklegt að niðurstaða fáið í málið.

„Væntanlega verður einhver núningur áfram en nauðsynlegt er



EFTIRLAUNALÖGUM VAR MÓTMÆLT Á AUSTURVELLI
Þegar eftirlaunalögin voru samþykkt stóð verkafélagshreyfingin fyrir mótmælum á Austurvelli.

að ná samkomulagi, annars fellur þetta um sjálft sig.“

Hjálmar Árnason, þingflokkformaður Framsóknarflokksins, segir málið verða rétt á þingflokksfundi á mánudaginn.

„Ég tel að það eigi að breyta lögum strax og ég veit ekki betur en að verið sé að undirbúa málið af kostgæfni í forsætisráðuneytinu,“ segir Hjálmar

ar. „Mér finnst forsendur ekkert hafa breyst frá því að þverpólitísk samstaða allra flokka var um að gera þessar breytingar.“

Framsóknarmaðurinn Jónína Bjartmarz telur eðlilegt að reynt verði að ná samstöðu um málið.

„Mín sannfæring er sú að þessum lögum þurfi að breyta enda ósanngjörn mjög,“ segir Jónína.

Lög um eftirlaun ráðherra og þingmanna voru endurskoðuð í lok árs 2003 og í kjölfarið voru ný lög samþykkt. Allir stjórnmálaflokkar á þinginu stóðu að breytingum laganna.

- aðe



FRÁ SLYSSTAÐNUM
Sá eini sem lifði árásinu af var síðar skotin til bana en gerræðismennirnir eru nú í haldi Bandaríkjamanna.

Þyrta skotin niður í Írak:

Sex eru í varðhaldi

ÍRAK Bandarískir hermenn hafa handtekið sex einstaklinga sem grunaðir eru um að hafa átt þátt í að granda þyrta norður af Bagdad á fimmtudaginn með þeim afleiðingum að tíu létust.

Í þyrta, sem var eign öryggisfyrirtækis frá Búlgaríu, voru almennir borgarar sem voru á leið frá höfuðborginni til Tikrit í norðurhluta landsins þegar hún var skotin niður. Atvikioð þegar hún var skotin niður náðist á myndband sem sýnt var á sjónvarpsstöðvum daginn eftir. ■

Pingvallavatn:

Barni bjargað frá drukknun

LÖGREGLUMÁL Um miðjan dag í gær var barni bjargað úr Þingvallavatni.

Foreldrararnir litu af þriggja ára gömlu barni sínu andartak og rölti það að árbakkanum. Við leit fannst barnið á botninum. Foreldrararnir beittu lífgunartilraunum sem báru árangur og hringdu í Neyðarlínuna 112 sem sendi sjúkrabíl á vettvang. Foreldrararnir keyrðu á móti og var barnið flutt á Landspítala – háskólasjúkrahús.

Vakthafandi læknir segir líðan barnsins góða. Það fái að fara heim í dag.

- gag

Unglæknar fá ekki ellefu klukkustunda hvíld á sólarhring:

Læknafélag Íslands stefnir Landspítalanum

HEILBRIGÐISMÁL Læknafélag Íslands hefur stefnt Landspítala - háskólasjúkrahúsi fyrir að veita unglæknum ekki uppsafnað frí fái þeir ekki ellefu klukkustunda hvíld á sólarhring. Félagið telur að íslensku lögum um vinnutíðingun, sem samræmast Evrópusambandinu, ná til unglækna rétt eins og lækna en það samþykkir spítalinn ekki.

Lögfræðingur Læknafélagsins, Gunnar Ármannsson, segir að með lagabreytingum árið 2003 eigi löginn einnig við um læknemana þrátt fyrir að samið hafi verið um annað í kjarasamningnum árinu á undan. Læknafélagið telji löginn fremri samningnum.

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélagsins, segir að vinn-

ist málið verði krafist bóta fyrir unglækna. „Auðvitað gerum við þá kröfu að hlutirnir verði leiðréttir eftir á, að minnsta kosti fram að lagasetningunni í apríl 2003. Annaðhvort eiga þeir þennan rétt samkvæmt lögum eða ekki.“ Á hvaða hátt beri að koma til móts við unglækna segir Sigurbjörn ekkert um.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 7. apríl.

- gag

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Heilbrigðisstéttir fá undanþágu til að vinna lengur en þrettán klukkustundir á sólarhring. Þeir sem það gera eiga frítökurétt. Deilt er um hvort unglæknar eigi einnig frítökuréttinn.



apollo

Iceland Express

Spánnýir sólarsemillir í júní
- og Kaupmannahöfn í kaupbæti

Krit, Kos, Ródos, Samos og Zakynthos í Grikklandi

frá 59.990 kr.

Djerba í Túnis

64.990 kr.

Kanáreyjar

68.990 kr.

Sharm el Sheikh í Egyptalndi

64.990 kr.

Cesme í Tyrklandi

64.990 kr.

Nánari upplýsingar á www.apollo.is

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00



Fjögurra vikna námskeið í allt sumar!

Taktu þér tak í sumar – næstu námskeið hefjast 2. maí

KARLAR ÁTAK

Hin sívinsælu Átaksnámskeið eru sérsniðin að þörfum karla. Áhersla er lögð á að auka styrk og þol og minnka mittismál með brennslu- og styrktaræfingum.

Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.

KONUR ÁTAK

Átaksnámskeið fyrir konur er frábær leið til að bæta heilsuna. Einstakt aðhald, góð fræðsla og ómetanlegur stuðningur. Ávinningurinn er aukið þol og þrek, styrkari líkami og góð andleg líðan.

Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000.

JIU JITSU

Brasilískt Jiu Jitsu er sjálfsvarnariþrótt sem hentar báðum kynjum og er kennd í Laugum. Einstakt námskeið þar sem unnið er út frá tækni fremur en styrk. Ávinningurinn er aukið þol, styrkur og samhæfing líkamans.

Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.

PEAK PILATES

Peak Pilates er æfingakerfi sem hefur farið sigurför um heiminn. Kerfið býður upp á örugga og áhrifaríka leið til að styrkja, móta og teygja líkamann án þess að auka umfangið eða ofreyna liðamótin. Áhersla er lögð á kviðvöðva og öndun. Hentar fólki á öllum aldri.

Peak Pilates fyrir nýbakaðar mæður

Í boði eru sérstakir Peak Pilates tímar fyrir nýbakaðar mæður þar sem æfingarnar eru sérlega hannaðar til að byggja upp kviðvöðva. Börnin eru velkomin með.

Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.

Athugið - takmarkaður fjöldi!

ROPE YOGA

Rope Yoga sameinar hug, líkama og sál. Rope Yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kviðinn, miðju líkamans, bætir virkni sogæðakerfisins og beinir orkunni í réttan farveg.

Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.

Athugið - takmarkaður fjöldi!

JÓGA

Jóga á meðgöngu

Námskeiðið byggist á styrktar-, teygju- og öndunaræfingum til að auðvelda meðgöngu og fæðingu. Aðaláhersla er lögð á mjaðma- og grindarbotnsæfingar, stöður sem styrkja líkamann, öndunaræfingar og slökun.

Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.

Innifalið í námskeiðunum: Lokaðir hóptímar, tími hjá þjálfara í tækjasal, frjáls aðgangur að öllum opnum tímum á stundaskrá, tækjasal og Laugardalslauginni.

Námskeiðin hefjast 2. maí, 30. maí, 27. júní og 3. ágúst og standa yfir í fjórar vikur.

Skoðið úrval opinna jóga-, styrktar-, brennslu- og kickbox-tíma á www.worldclass.is

WorldClass
ICELAND

Laugar - Spöngin - Í húsi Orkuveitunnar

www.worldclass.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 22.04.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,24	62,54
Sterlingspund GBP	1 19,23	119,81
Evra EUR	81,31	81,77
Dönsk króna DKK	10,91	10,98
Norsk króna NOK	9,97	9,92
Sænsk króna SEK	8,87	8,92
Japanskt jen JPY	0,59	0,59
SDR	XDR	94,55 95,11

Gengisvísitala krónunnar
111,90 -0,02%

Heimild: Seðlabanki Íslands



ALBERTA GUÐJÓNSDÓTTIR
Karlarnir í bræðslunni kættust þegar kvenmaður kom í hópinn.

Fáskrúðsfjörður:

Kvenmaður í bræðsluna

KARLAVÍGI Alberta Guðjónsdóttir mætti á sína fyrstu vakt í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði í byrjun vikunnar en hún er fyrsta konan sem starfar við almenn verkamannastörf í verksmiðjunni.

Magnús Ásgrímsson verksmiðjustjóri segir karlpeninginn ánægðan með að kvenmaður skuli vera kominn í þeirra hóp og hafi hún staðið sig með ágætum fyrstu vinnuvíkuna. „Það er tilbreyting að hafa konu á gólfinu og ég gæti vel trúað því að konum ætti eftir að fjölga hjá okkur í kjölfarið,“ segir Magnús.

- kk

Benedikt páfi:

Lofaði fjölmiðlafólk

VATÍKANÍÐ Hinn nýkjörni páfi, Benedikt sextándi, vonast til að halda sama góða sambandinu við fjölmiðla og forveri hans gerði enda telur hann það lykilatriði til að ná sambandi við allar þær milljónir kaþólskra manna um heim allan með afgerandi hætti.

Þetta kom fram í ræðu hans í Vatíkaninu í gær en þar þakkaði hann kærlega fjölmiðlum fyrir að hafa fært vandaðar fréttir af gangi mála við nýliðið páfakjör við erfiðar aðstæður og lofaði góðu aðgengi fréttamanna að Vatíkaninu í framtíðinni. ■

Áherslan lögð á ljósleiðaravæðingu heimilanna:

Rafmagnið viku fyrir ljósinu

UPPLÝSINGATÆKNI Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að aflagðar hafi verið fyrirætlanir um frekari uppbyggingu eða endurnýjun á tækjabúnaði vegna internettenginga um raforkukerfið, sem seld hefur verið undir merkjum Fjöltingis Orkuveitunnar. Öll áhersla hefur verið lögð á ljósleiðaravæðingu heimilanna.

Og Vodafone hefur tekið yfir þjónustu við notendur Fjöltingis og býður notendum þessa dagana að flytja sig yfir í ADSL-tengingar um símakerfið, en þeir eru á annað þúsund. Guð-

mundur segir engan þó neyddan til að skipta. „Þeir sem ánægðir eru með tenginguna um rafmagnið geta haldið henni áfram,“ sagði hann. „Að minnsta kosti þar til kominn er ljósleiðaratenging í húsið.“

Guðmundur segir Orkuveituna ekki líta á gagnaflutninga um rafdreifikerfið sem lausn til framtíðar, nema kannski fyrir hinar dreifðari byggðir þar sem ekki borgar sig að leggja ljósleiðara. Hann segir að á allra næstu árum verði lokið við að leggja ljósleiðara í öll hús á höfuðborgarsvæðinu, auk Hveragerðis, Borgarness og

Akranness. Með ljósleiðaratengingu segir hann fólk þjóðast hingað til óþekktu gagnaflutningshraði sem feli í sér fjölda möguleika, svo sem gagnvirk háskerpusjónvarp, internet, síma og fleira, allt um sömu tenginguna.

- óká

LJÓSLEIÐARI

Það má segja að umræður um möguleika Orkuveitunnar á sviði gagnaflutninga hafi hafist með tali um internettengingar um rafdreifikerfið og á þeim formerkjum hófst starfsemi Línu nets. Fljótlega færðist þó áherslan yfir á uppbyggingu ljósleiðarakerfis og gagnaflutninga um það. Internettengingar um rafmagnið eru nú á undanhaldi.



Fimm sendifulltrúar á leið til Suðaustur-Asíu

Rauði kross Íslands sendir á næstu dögum fimm sendifulltrúa til viðbótar til hamfarasvæða flóðanna sem urðu eftir jarðskjálftann mikla á annan í jólum. Unnið er að skipulagningu hjálparstarfsins næstu ár í samvinnu við alþjóðastofnanir. Gert er ráð fyrir uppbyggingarstarfi þar næstu tíu árin.

HJÁLPARSTARF „Flóðbylgjan, þar sem hún var hörðust, var 24 metra há og skall á strönd Súmöttru með 50 kílómetra hraða. Til að sjá þetta betur fyrir okkur getum við reynt að fmynda okkur 6 hæða fjölbylíshús koma á móti okkur með hraða bíls á góðu skriði,“ sagði Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, við upphaf fundar í Reykjavíkarakademíunni í gær þar sem farið var yfir hjálparstarf Rauða krossins á hamfarasvæðum flóðbylgjunnar eftir jarðskjálftann mikla í Suðaustur-Asíu á annan í jólum.

Sigrún segir ráð fyrir því gert að Rauði krossinn komi að uppbyggingarstarfi á hamfarasvæðunum næstu tíu árin, en síðustu vikur hafi Rauði krossinn og aðrar hjálparstofnanir skipulagt starfið

til næstu ára. „Auðvelt er að gleyma umfanginu. Að minnsta kosti 174.729 manns létu lífið í flóðunum, 1,6 milljónir manna misstu heimili sín og milljónir manna til viðbótar urðu fyrir skakkaföllum af einhverju tagi,“ sagði hún og bætti við að þótt Rauði kross Íslands hefði ekki yfir miklum fjármunum að ráða, hefði framlag með mannauði sannarlega skilað sér í hjálparstarfinu og sendifulltrúar héðan unnið ómetanlegt starf og getið sér gott orð fyrir. Á næstu dögum fara utan fimm sendifulltrúar Rauða kross Íslands til viðbótar við þá fimm sem áður hafa starfað á hamfarasvæðunum, en gert er ráð fyrir að á næstu árum verði ávallt einn til tveir sendifulltrúar héðan við uppbyggingarstörf á svæðinu.

Á fundinum lýstu Hildur Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur og Hólmfríður Garðarsdóttir ljósmóðir reynslu sinni af störfum sem sendifulltrúar Rauða krossins í Banda Aceh í Indónesíu. Þá greindi Birna Halldórsdóttir frá því hvernig staðið var að dreifingu hjálpargagna á sömu slóðum og Sigríður Björk Þormar, hjúkrunarfræðingur og heilsusálfræðingur, fjallaði um hvernig Rauða krossi Indónesíu var hjálpað að byggja upp sálrænan stuðning bæði við fórnarlömb flóðanna og ekki síður starfsfólk sem á hamfarasvæðunum starfaði.

olikt@frettabladid.is



EYÐILEGGING Í BANDA ACEH Í INDÓNESÍU

Sendifulltrúar Rauða kross Íslands lýstu í gær á fundi hjá Reykjavíkarakademíunni reynslu sinni af hjálparstarfi á hamfarasvæðum jarðskjálftans sem reið yfir í Asíu á annan í jólum.

SENDIFULLTRÚAR RAUÐA KROSS ÍSLANDS Á FLÓÐASVÆÐUNUM Í ASÍU

Nafn:	Verkefni:	Land:
Ómar Valdimarsson	uppbygging landsfélags	Indónesía
Hlér Guðjónsson	skýrslugerð	Srí Lanka
Guðbjörg Sveinsdóttir	áfallahjálp	Indónesía
Birna Halldórsdóttir	dreifing hjálpargagna	Indónesía
Robin Bovey	dreifing hjálpargagna	Indónesía
Sigríður Björk Þormar	áfallahjálp	Indónesía
Elin Jónasdóttir	áfallahjálp	Srí Lanka
Hildur Magnúsdóttir	hjúkrunarfræðingur	Indónesía
Hólmfríður Garðarsdóttir	ljósmóðir	Indónesía
Marianna Csillag	hjúkrunarfræðingur	Srí Lanka

Veðrið

LÍTID EITT MEIRI VINDUR Í BORGinni

Það er ekki amalegt veðrið þessa dagana. Hæglætisveður og milt en missólríkt.


HVAR VERÐUR SÚ GULA AÐALLEGA? Væntanlega á Norðaustur- og Austurlandi. Köflóttara verður það annars staðar.

ERU HORFUR Á BREYTINGUM Á VEÐRINU? Á þriðjudaginn verður vindur líklega heldur norðlægar og þá kólnar eitthvað einkum á Norðurlandi. Vindurinn verður þó áfram hægur ef fer sem horfir. Það er komið sumar, sól í heiði.....



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi í dag




Veðurhorfur í borgum í dag


Kaupmannahöfn	7°C heiðskirt	Paris	15°C alskýjað
Oslo	16°C heiðskirt	Berlín	14°C heiðskirt
Stokkhólmur	11°C heiðskirt	Amsterdam	16°C skýjað
Helsinki	7°C skýjað	Madrid	19°C léttskýjað
London	16°C léttskýjað	Barcelona	19°C skýjað
		Alicante	25°C skýjað
		Milano	15°C skúrur
		New York	13°C skýjað
		San Francisco	18°C skúrur
		Orlando/Florida	22°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Þriðjudagur



Yfirleitt fremur hægur vindur síst á Vestfjörðum.

Ævintýraheimur H.C. Andersen

Klaustar og Kóngsdætur

Ævintýraleig leikhúsveisla!

ÞÓÐLEIKHÚSIÐ

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka, og sokkabuxur án VSK.

Dagana 22.-24. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Eiga samkynhneigð þör að njóta alveg sama réttar og gagnkynhneigð þör?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að breyta lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



STARFSMENN VIÐ STEYPUVINNU í kerskála álversins fara um 120 þúsund rúmmetrar af steypu.

Lítið verið um slys

STÓRIÐJA Síðastliðið eitt og hálf tveggja ára hafa þeir sem koma að byggingu álvers Alcoa í Reyðarfirði fagnað mörgum áföngum en sá mikilvægasti, að þeirra sögn, náðist fimmtudaginn 14. apríl síðastliðinn. Þá var að baki hálf milljón vinnustunda án vinnutaps af völdum alvarlegs slyss.

Allt frá upphafi framkvæmdanna hafa starfsmenn orðið fyrir fjórum minniháttar óhöppum með þeim afleiðingum að þeir þurftu að leita læknishjálpar en þau óhöpp leiddu ekki til vinnutaps.

- kk

LÖGREGLUFRETTIR

SEXTÁN ÁRA Á BÍL Réttindalaus ökumaður sem grunaður er um ölvun við akstur var stöðvaður af lögreglunni á Dalvík í fyrrkvöld. Hann var að skutla félögum sínum um bæinn.

Málið fer líklega fyrir dómstóla

Úrskurður um erlenda starfsmenn Impregilo:

KJARAMÁL „Ekki er ólíklegt að málið fari dómstólaleiðina, það er um slíkar upphæðir að tefla,“ segir Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo á Íslandi, um nýfallinn úrskurð yfirskattanefndar um ítalska og portúgalska verkamenn fyrirtæksins.

„Við höfum bara ekki enn haft tækifæri til að kynna okkur úrskurðinn í fullri lengd, þó svo að lögfræðingar okkar hafi vitanlega lesið hann yfir,“ sagði Ómar og taldi að fljótlega eftir helgi myndi liggja fyrir hvernig fyrirtækið bregst við úrskurði yfirskattanefndar, en Impregilo kærði til nefndarinnar fyrri úrskurð skatt-

stjóra. Samkvæmt úrskurðinum falla erlendir starfsmenn Impregilo og starfsmenn erlendra starfsmannaleigna undir íslensk skattalög og eiga að skila staðgreiðslu skatta hér á landi. Þetta felur í sér kostnaðarauka fyrir fyrirtækið sem til dæmis hefur greitt portúgölskum starfsmönnum í samræmi við skattalög heimalands þeirra. Þar eru skattar lægri og launin lægri í hlutfalli við þá.

ÍTALSKIR VERKAMENN VIÐ KÁRAHNJÚKA Impregilo hugleiðir að fara með nýfallinn úrskurð yfirskattanefndar um erlenda verkamenn fyrirtæksins fyrir dómstóla, en úrskurðurinn hefur í för með sér nokkurn kostnaðarauka fyrir fyrirtækið.



Krefjast lögbanns á ráðningu

Skjár einn telur á sér brotið með ráðningu Helga Steinars Hermannssonar, fyrrverandi dagskrárstjóra Skjás eins, til 365 ljósvakamiðla og hefur farið fram á lögbann. Helgi vísar ásökunum á bug og sakar sjónvarpsstjóra Skjás eins um hótanir.

DÓMSMÁL Skjár einn krafðist á föstudag hjá Sýslumanninum í Reykjavík lögbanns á ráðningu Helga Steinars Hermannssonar, fyrrverandi dagskrárstjóra Skjás eins, til 365 ljósvakamiðla. Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, segir trúnað hafa verið brotinn við félagið. Samkvæmt ráðningarsamningi segir hann Helga ekki mega starfa í samkeppnisrekstri í heilt ár eftir starfslok. „Ekki nema að það sé erlendis. Svo var líka í samningnum trúnaðarákvæði, en því miður voru viðskiptaáætlanir félagsins sendar út úr húsi,“ sagði hann. Með lögbannsbeiðninni voru lagðir fram fimmtán tölvupóstar Helga til Árna Þórs Vigfússonar, fyrrum sjónvarpsstjóra Skjás eins. „Þeir voru svo ráðnir saman upp á 365.“

Helgi vísar á bug ásökunum um trúnaðarbrest eða sammingsrof og telur í raun á sér brotið með því að skoða tölvupóst hans. „Í 56 þúsund póstum er auðvitað eitthvað sem hægt er að rífa úr samhengi, en

þarna er ekkert í gangi sem ekki átti að vera.“ Eins segir hann ákvæði í ráðningarsamningi hans heimila störf við ráðgjöf og erlend prúunarstörf og það sé til slíkra starfa sem hann hafi ráðið sig.



HELGI STEINAR HERMANNSSON

Þá segir Helgi starfslok sín hafa borið að með allt öðrum hætti en öðrum hætti en sjónvarpsstjóri Skjás eins hefur lýst í fjölmiðlum. „Ég sagði sjálfur upp 4. apríl og því kolrangt að Magnús hafi sagt mér upp 9. apríl,“ segir hann og telur Magnús hafa farið offari í reiðikasti heima hjá honum að kvöldi laugardagsins 9. apríl. Fyrr um daginn segist hann hafa gengið af fundi sem Magnús hafði boðað hann á eftir að Magnús missti stjórn á skapi sínu. „Hann elti mig hins vegar heim og hótaði konu minni. Svo sat hann um húsið í 40 mínútur eftir

að hafa látið öllum illum látum,“ segir Helgi sem telur fjölda fólks geta staðfest atburðarásina, þar á meðal stjórnarformann Skjás eins, sem persónulega hafi beðið hann afsökunar á uppákomunni. Ekki náðist aftur í Magnús í gær til að bera undir hann þessar ávörðingar.

ollikr@frettabladid.is

MAGNÚS RAGNARSSON

Magnús, sem er sjónvarpsstjóri Skjás eins, segir Helga Steinar Hermannsson, fyrrum dagskrárstjóra stöðvarinnar, hafa brotið trúnað með því að senda út úr húsi viðskiptaáætlanir og ráða sig til starfa hjá keppinaut í sjónvarpsrekstri.

Góðir Íslendingar!



Loksins fánleg aftur!

12.000 eintök seld

Hverjir eru Íslendingar?
Hvað finnst þeim um lífið og tilveruna?
Bók sem beðið hefur verið eftir!

Og nú til á fjórum tungumálum:
íslensku - ensku - þýsku og frönsku



Skatttekjur ríkisins á landsbyggðinni:

Skila sér lítið til baka

LANDSBYGGÐIN Aðeins fimmtán prósent þess fjármagns sem ríkið aflar á landsbyggðinni með skattlagningu skilar sér aftur til verkefna úti á landi. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu Vífils Karlssonar, dósents við Viðskiptaháskólann á Bifröst, og sýnir svo ekki verður um villst að mikill munur er á hvar tekjurnar fást og hvar þeim er varið að mati Sigurjóns Þórðarsonar.

Vífill fær þessar tölur frá útreikningum svokallaðs tryggingargjalds en sé lítið á ákveðið landsvæði eru vísbendingar um að tíu

milljarðar króna fari frá Norð-austurlandi einu saman til höfuðborgarinnar í formi skatta. Það eru um níu prósent af tekjum hins opinbera á landsvísi en aðeins sjö prósent af útgjöldum skila sér þangað aftur.

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hefur látið sig þessi mál varða og telur að ríkið eigi að standa sig mun betur en hingað til hefur verið gert. „Það er alltaf talað um hversu miklir peningar fara út á land í ýmis verkefni en þessi skýrsla sannar hið gagnstæða.“

- aðe



BJÖRGUNARSKIPIÐ VÍGT

Sr. Fjölur Ásbjörnsson vígði skipið en það er eitt af fjórtán öflugum björgunarskipum Landsbjargar sem staðsett eru vítt og breitt um landið.

Hornafjörður:

Nýtt björgunarskip

SLYSAVARNIR Nýtt björgunarskip Slysavarnarfélagssins Landsbjargar kom nýverið til Hornafjarðar og á sumardaginn fyrsta var því við formlega athöfn gefið nafnið Ingibjörg. Nafngiftin er til heiðurs Ingibjörgu Guðmundsdóttur sem lengi starfaði að slysavörnum á Hornafirði en hún lést árið 1985. Sama ár var stofnaður minningarsjóður í nafni hennar sem styrkir starf slysavarnadeildanna á Höfn.

- kk

LÖGREGLUFRETTIR

TEKIN MEÐ FÍKNIEFNI Lögreglan á Selfossi hafði afskipti af nokkrum ungmennum sem höfðu komið sér fyrir í sumarþustað í leyfisleysi. Kannabisefni fundust við leit og var fólkinu haldið í varðhaldi fram eftir nótt.

KVARTAD YFIR SINUELDUM Íbúar á Akureyri vöknudóu við reykjarkóf í bænum í gærmorgun. Hafði bóndi einn tekið það upp hjá sér að kveikja í ræktarlandi sínu með þeim afleiðingum að mikinn reyk lagði yfir Akureyri alla. Hafði hann til þess leyfi en það var afturkallað vegna kvartana.

FÍKNIEFNI Á AKUREYRI Einn situr enn í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefna á Akureyri. Þremur hefur verið sleppt frá því á miðvikudag í síðustu viku þegar lögreglan stöðvaði þá á ferð til Akureyrar með 300 grömm af hassi.



FRÁ RAUFARHÖFN

Samkvæmt nýlegri úttekt fer meira fé frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar en öflugt.

Og1

Og1 er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

GSM

0 KR. HEIM

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútagjöld í allt að 60 mínútur á dag.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr.
Gildir fyrir Frelsisnotendur með
500 kr. Frelsisáskrift.

Heimasími

0 KR. INNANLANDS

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútagjald.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

Internet

MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐPAK

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.



skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNÁSSON

Aðeins Viðreisnarstjórnin hefur starfað lengur en núverandi stjórn.

Davíð og Halldór við stjórn í tíu ár

Ríkisstjórnarleiðtogarnir minnst þess á föstudag að liðin voru tíu ár frá því að stjórnarsamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hófst, eftir að leiðtogar flokkanna, Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, handsöluðu samstarfið á Þingvöllum á vordögum 1995. Það er leitun að lengra stjórnarsamstarfi hér á landi, og aðeins Viðreisnarstjórnin svokallaða, sem Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu 1959 og starfaði fram til ársins 1971, hefur setið lengur að völdum. Það samstarf var mjög á kostnað Alþýðuflokksins eins og oft vill verða þegar lítill flokkur starfar með stórum flokki í ríkisstjórn. Þessa hefur líka orðið vart í samstarfi núverandi stjórnarflokka. Framsóknarmenn hafa eflaust gert sér grein fyrir þessari stöðu eftir síðustu kosningar til Alþingis, og þessvegna verið harðir á því að þeir fengju stól forsætisráðherra síðari hluta kjörtímabilsins. Sú ákvörðun vakti ekki mikla hrifningu hjá mörgum sjálfstæðismönnum sem kunnugt er, en þá er á það að líta að þeir töpuðu fjórum þingsætum í síðustu kosningum, en Framsóknarflokkurinn stóð í stað, og mátti reyndar ekki við því að minnka mikið.

„Eitt er það mál sem mun gnæfa yfir öll önnur á tímabili þessarar ríkisstjórnar, ef frá er talið efnahagslífið, og það er virkjunin við Kárahnjúka. Sagan ein mun dæma um það hvort hún verður veglegur minnisvarði um framsýni og dug manna hér á landi um aldamótin eða hvort hér hefur orðið umhverfisslys.“

Þetta tíu ára stjórnartímabil núverandi stjórnarflokka hefur mjög einkennst af uppgangi í efnahagslífinu. Þar um veldur að ytri aðstæður hafa að ýmsu leyti verið okkur hagstæðar, framsækni einstaklingar og fyrirtæki hafa notfært sér það frelsi sem íslensk fyrirtæki fengu loks, og þátttaka okkar í Evrópska efnahagssvæðinu hefur borið ríkulegan ávöxt, eins og glögt sést á útrásinni margumtöluðu. Uppgangurinn í efnahagslífinu á þessum árum hefur skilað sér til allflesti í þjóðfélaginu, en því er ekki að neita að meiri gjá er nú milli þeirra sem minna mega sín og hinna sem komast vel af. Fátækt hefur reyndar verið hérlendis eins og annars staðar, en fólk er opnara nú á dögum og tjáir sig gjarnan um bágan hag sinn og er ófeimið við það.

Sjávarútvegsumræðan hefur gjarnan yfirgnæft önnur umræðuefni hér á landi á undanföllum árum, en nú ber minna á henni. Kvótakerfið hefur verið fest í sessi og stjórnvöld þurfa því ekki að vera í eilífum útistöðum við hagsmunahópa um þau mál. Þótt fiskur og sjávarafurðir séu langstærsti og mikilvægasti útflutningur okkar, hefur hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslunni stöðugt farið minnkandi, því aðrar greinar hafa komið þar til. Sjávarútvegurinn heldur þó áfram að vera okkar lifibrauð. Það er ekki aðeins að hann verður áfram uppistaðan í útflutningi okkar, heldur mun þekking okkar og tækni við sjávarútveg stöðugt aukast og verða verðmætari á alþjóðavettvangi.

Eitt er það mál sem mun gnæfa yfir öll önnur á tímabili þessarar ríkisstjórnar, ef frá er talið efnahagslífið, og það er virkjunin við Kárahnjúka. Sagan ein mun dæma um það hvort hún verður veglegur minnisvarði um framsýni og dug manna hér á landi um aldamótin, eða hvort hér hefur orðið umhverfisslys. ■

Súpersól til Portúgal

25. maí í 2 vikur
frá kr. 39.995

Í Algarve fer allt saman sem þrýða má gott frí. Frábærir skemmtigarðar, gylltar strendur, úrval veitingasta og fjölbreytt afþreying. Nú bjóðum við frábært tilboð til að njóta alls þess sem þessi heillandi staður hefur að bjóða. Þú bókast og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 39.995

M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Súpersól tilboð. 25. maí í 2 vikur. Netverð á mann.

Kr. 55.990

M.v. 2 fullorðna. Súpersól tilboð. 25. maí í 2 vikur. Netverð á mann.

Mundu
MasterCard
ferðavísunina!

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 • www.terranoval.is
Akureyri Sími: 461 1099

TERRA
NOVA
-SPENNANDI VALKOSTUR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kergja í stjórnarsamstarfinu

Einhver kergja virðist vera milli stjórnarflokka vegna eftirlaunalaganna. Lögin sjálf urðu að miklu fjölmiðlamáli þegar þau voru samþykkt og í ljós kom að nokkrir fyrrverandi ráðherrar, sem enn voru í vinnu hjá ríkinu, fengu greidd eftirlaun ofan á þau laun sem þeir fengu fyrir. Málið vakti töluverða reiði í samfélaginu. Ýmsir töldu að með þessu væru þingmenn að skammta sér fremur ríflega. Ekki minnkaði það reiðina þegar ljóst var að fulltrúar alla flokka á þingi stóðu að frumvarpinu. Verkalýðsförystan fór mikinn í gagnrýni sinni á lögin og gekk málið það langt að sumir innan hreyfingarinnar sögðu sig úr Samfylkingunni. Svo fór reyndar að Samfylkingin dró stuðning sinn við frumvarpið til baka. Með þeirri ágætu undantekningu sem Guðmundur Árni Stefánsson er.

Allt misskiðingur

Nú er komið í ljós að öll gagnrýni á eftirlaunalögin var á misskiðingi byggð. Að minnsta kosti ef marka má orð Davíðs Oddssonar í fréttum Stöðvar 2 í fyrrkvöld. Þar sagði hann að tvöfaldar greiðslur til fyrrverandi ráðherra hefðu ekkert með síðustu breytingar á eftirlaunalögum að gera. Sá möguleiki hefði verið í lögunum fyrir. Sem oft áður er Davíð fastur fyrir. Hann segir nú að það stáði alls ekki til að breyta lögunum um eftirlaun ráðherra og þingmanna.

Óánægja í Framsókn

Þessi yfirlýsing Davíðs hefur vakið hörð viðbrögð meðal fram-

sóknarmanna. Þeir vilja endurskoða lögin og breyta þeim. Það er því kominn upp ágreiningur meðal stjórnarflokka um þetta mál. Hversu innilega sannfæringu Halldór Ásgrímsson og aðrir framsóknarmenn hafa fyrir því að vilja breyta lögunum er hins vegar annað mál. Framsóknarflokkurinn er særður eftir að hafa gengið í gegnum erfið mál undanfarið. Ber þar hæst fréttastjórmaalið svokallaða. Finnst mörgum framsóknarmönnum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði getað staðið þéttar við hlíf samstarfsfélaga sinna þegar gagnrýnin stóð sem hæst og ekki síst vegna þess vilja þeir að ráðherra Framsóknarflokksins láti ekki Sjálfstæðisflokkinn komast upp með að láta lögin standa og leggja ekki fram nýtt stjórnarfrumvarp.

trausti@frettabladid.is

Sinn er hver siðurinn

Ég get svo sem byrjað á því að lýsa sjálfum mér sem staðföstum manni ... já, alvörufefnum einstaklingi sem hleypur ekki á eftir duttlungum tímans og því síður nýjungagirninni og stundarvinsældum. Og ég gæti sagt mig andvígán réttindum kvenna, á móti getnaðarvörnum og fóstureyðingum, mótfallinn hjónaskilnuðum, með ímugust á hommum og lesbíum og sagt allar stofnfrumrannsóknir ættaðar úr neðra. Og ég gæti hneykslast á rokki, úthúðað kvikmyndum fyrir klámfengi og gert alvarlegar atugasemdir við alla léttúð samtímans.

Ég gæti sumsé hugnast nýjum páfa.

Blessuðum Benedikt. Alveg afskaplega.

En þvílíkt argasta afturhald. Margir málsmetandi kapólikkar eru miður sín eftir að ljóst varð að þýski kardinálinn Joseph Ratzinger var kjörinn nýr trúarleiðtogi þess röska milljarðs jarðarbúa sem trúir því staðfastlega að páfinn í Róm sé arftaki Péturs postula og þiggi þannig umboð sitt beint frá Guði.

Aðrir fela vonbrigði sín í bænum. Og enn aðrir ætla að bíða og sjá, vanir því að páfinn í Róm gangi hægt um gleðinnar dyr ... festina lente.

En menn sumsé bjuggust við breytingum. Eða öllu heldur vonuðust. En sitja svo uppi með tæplega átræðan trúarleiðtoga sem þykir líklegur til að færa kirkjuna aftur í aldir; þekktur fyrir andúð sína á öðrum trúarbrögðum, kunnur fyrir taumhald sitt á allri framfarissinn- aðri hugsun, næstum alræmdur fyrir skoðanir sínar á stöðu konunnar.

Sjálfur páfinn í Róm. Í nútímanum.

Þegar Joseph Ratzinger klæddist skróða Benedikts sextánda á þriðjudaginn í nýliðinni viku og baðaði út höndum sínum framan við tugþúsundir á Péturstorginu í Róm horfði ég á heiminn hökta ... svona eins og bilaðan bíl, eða bensílausan. Hvað hefur það með staðfestu að gera að neita konum um sjálfsgöndun rétt, neita prestum að kvænast og neita fólki um kynhneigð sína.

Og allt í nafni hvers? Ekki Jesú Krists ... í mínum huga.

Þegar nýi páfinn greip saman höndum framan við hreyfðan múgin í Páfagarði á þriðjudag varð mér hugsað til alls þess meirihluta kapólskra manna sem eru fátækir íbúar Afríku og sunnanverðrar Ameríku og horfði á hans heilagleika á svölum Vatíkansins boða stefnu sem bannar varnir gegn alnæmi, sjálfshjálpi gegn fátækt og svívirðir síði frumbyggja.

Og allt í nafni hvers? Ekki Jesú Krists.

Þegar nýi páfinn brosti sínu blíðasta á svölunum við bústað sinn á

TÍÐARANDINN SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

„Öll umræðan um páfadóminn á síðustu dögum hefur vonandi sýnt mönnum mikilvægi þess að mega efast; mega efast um orð svona manns sem tekur sér eitthvert mesta trúarvald sem sögur fara af – og ... hefur ekki endilega rétt fyrir sér þótt hann sé hátt skrifaður á harðspjóldum sögunnar. Já, mega hrista höfuðið af hæfilegri undrun, brosa að þeim forréttindum að fá að vera annarrar skoðunar og málsvari allt annarra lífs-gilda.“



þriðjudag varð mér hugsað til þess að þarna stóð holdgervingur andstöðunnar við nútíma læknavísindi og rannsóknarstarf – og að myndugleiki hans væri andhverfa upplýsingar, fræðslu, víðsýni og umburðarlyndis.

Og allt í nafni hvers?

Og ég minnst orða fátækrar konu í suðurhluta Ameríku sem horfði á þennan nýja leiðtoga lífs síns og spurði einfaldlega í innibygðum vonbrigðum sínum: „Hvað eigum við að gera? Við erum kapólikkar?“

Trúin er mannum mikilvæg. En það er upplýsingin sömuleiðis. Að ekki sé talað um skynsemina, þessa dásamlegu samlegð raka og tilfinninga.

Öll umræðan um páfadóminn á síðustu dögum hefur vonandi sýnt mönnum mikilvægi þess að mega efast; mega efast um orð svona manns sem tekur sér eitthvert mesta trúarvald sem sögur fara af – og ... hefur ekki endilega rétt fyrir sér þótt hann sé hátt skrifaður á harðspjóldum sögunnar. Já, mega hrista höfuðið af hæfilegri undrun, brosa að þeim forréttindum að fá að vera annarrar skoðunar og málsvari allt annarra lífs-gilda.

Á þriðjudaginn í síðustu viku fann ég til léttisins ... að vera lúterskur. Að hafa alist upp í umburðarlyndu samfélagi sem leyfir einstaklingnum að njóta sín; kennir fólki góða síðu en kaffærir það ekki í kreddum og ranghugmyndum um lífið sjálf. Á þriðjudaginn hugsaði ég með mér; þvílík og mikilvæg kaflaskil sem það voru þegar Íslendingar skiptu um sið á sextánda öld. Vissulega var kristnitakan merk, en áhrifaríkari og ánægjulegri var siðbreytingin sem reyndist sannkölluð siðbót.

Vandi Rómarkirkjunnar á síðustu tímum er flótti fólks frá taktlausum trúarkreddum sem boðaðar eru af svölunum ofan við torgið hans Péturs postula. Vandi Páfagarðsins er áhugaleysi ungs fólks á ofstæki og alhæfingum sem standast ekki staðreyndir. Vandi kapólskunnar er að hún hefur lokað sig af, falið sig fyrir umheiminum – og neitar að horfast í augu við alla þá upplýsinga og framfarir sem einkenna nýja tíma. Hún beinlínis hræðist tækifæri samtímans. Og henni er uppsiglað við frelsið. Öttast jafnvel jafnréttið.

Á ferðalögum mínum um heiminn hefur mér alltaf fundist heillandi að koma við í kapólskum kirkjum. Setjast þar á bekk og hugleiða; horfa á alla þögnina sem þúsundir ára hafa safnað saman á veggina. En ég hef jafnframt virt fyrir mér jafnaldra mína – kapólska – sem sitja ef til vill innar á bekknum og burðast með þessar ólögulegu kennisettingar sitjandi páfa sem þeir eru efalítið andsnúnir í grundvallaratriðum.

Kannski algerlega. Það hlýtur að vera skrytið.

Einu sinni ræddi ég þetta við kapólska konu á Íslandi. Hún sagði vissulega vera mótfallin mörgu því sem páfinn héldi fram en hún leiddi það einfaldlega hjá sér. Og margt væri náttúrulega alveg forkastanlegt sem hann léti frá sér fara en hún reyndi að horfa framhjá því.

Þetta er náttúrulega skrytið. Að trú ekki trúarleiðtoga sín-um.

En trú samt. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRN: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórný Bergsson RITSTJÓRN: AUGLÝSINGAR: Skatahlík 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBREYF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vísir.is UMBOÐ: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



MIKILVÆG VIÐURKENNING

KB banki er hreykinn af því að vera fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja til að hljóta Útflutningsverðlaun forseta Íslands. Við óskum 1.660 starfsmönnum okkar héraðs og erlendis til hamingju og þökkum þeim gott starf.

Íslenski fjármálageirinn hefur náð miklum og dýrmætum árangri á undanförunum árum, jafnt í eigin útrás sem stuðningi við íslenskt atvinnulíf í sókn þess á erlenda markaði. Samhliða hafa miklar framfarir orðið í þjónustu fjármálafyrirtækja við einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi. Við lítum á verðlaunin sem mikilvæga viðurkenningu til atvinnugreinarinnar í heild sinni og framlags hennar til þjóðarhags.

Kærar þakkir.

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Í þröngum hópi forystumanna Íslandsbanka og Straums voru fyrir nokkrum vikum þreifingar um að sameina Straum og Íslandsbanka. Lætin nú hafa gert slíkt afar ólíklegt. Fullur vilji mun hins vegar hafa verið til þess hjá ráðandi aðilum beggja fyrirtækjanna.

Tekist á um undirtökin í Íslandsbanka

Straumur fjárfestingarbanki er stærsti hluthafinn í Íslandsbanka en er í veikri stöðu verði kaup næststærsta hluthafans á Sjóvá samþykkt eins og flest bendir til. Straumur jók hlut sinn í Íslandsbanka á föstudag og líklegt að atлага verði gerð til áhrifa í Íslandsbanka.

Harka hefur enn á ný hlaupið í samskipti milli fylkinga í bankaráði Íslandsbanka. Ólga hefur verið um völdin í bankanum um skeið og nú deila stærstu hluthafar hart um sölu Íslandsbanka á 66 prósent hlut í Sjóvá til félags í eigu Karls Wernerssonar bankaráðsmanns og næststærsta hluthafa Íslandsbanka.



FRÉTTASKÝRING
ÁTÖK Í HLUTHAFAHÓPI
ÍSLANDSBANKA

HAFLIÐI HELGASON
BLAÐAMAÐUR

Karl sat ekki fundi bankaráðsins þegar fjallað var um sölu og segja fulltrúar fylkingarinnar sem greiddi atkvæði með sölnunni, að frá byrjun hafi menn gert sér grein fyrir að vanda yrði í hvívetna til sölnunnar í ljósi eignarhlutar og stöðu Karls í bankanum. Samkvæmt heimildum greiddu fjórir af sjö bankaráðsmönnum sölnunni atkvæði sitt; Tómas Sigurðsson sem tók sæti þegar Karl vék, Einar Sveinsson bankaráðsformaður, Róbert Melax og Jón Snorrasson. Steinunn Jónsdóttir sem talin er styðja ríkjandi meirihluta í bankaráðinu greiddi samkvæmt heimildum ekki atkvæði með sölnunni.

Straumur fjárfestingarbanki vildi einnig kaupa Sjóvá og fulltrúar þeirra hafa haldið fram að forstjóri bankans og meirihluti stjórnar hafi brotið gegn eigin verklagsreglum og ekki gætt hagsmuna hluthafa með því að reyna að selja hæstbjóðanda.

Þessu mótmæli meirihluti bankaráðsins. Röksemdirnar fyrir sölnunni hafi verið að gott verð var í boði frá aðila sem tilbúinn væri að vinna áfram að markmiðum bankans um sölu trygginga og bankaþjónustu og við uppbyggingu sameiginlegs fjárfestingarfélags. Viðskiptahagsmunir hafi verið hafðir að leiðarljósi. Vísað er til þess að Morgan Stanley sem var til ráðgjafar við sölu hafi talið viðskiptin góð og því hafi tækifærið verið gripið. Straumsmenn hafa efasemdir um það að bankaráðið hafi fengið ráðgjöf sem útilokaði að fleiri bitust um Sjóvá og herra verð fengist. Innan Íslandsbanka er bent á að Straumur hafi aldrei lagt fram tilboð, heldur einungis lýst áhuga. Meta þurfi þegar rætt sé um afstöðu til tilboðs að það að fresta því að taka fyrirleggjandi tilboði liggja áhætta um að tilboðið verði dregið til baka.

Straumur lýsti áhuga sínum á



VARIÐ GEGN ÁSÓKN Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Einar Sveinsson, þáverandi forstjóri Sjóvá, tilkynna sameiningu félaganna. Sameiningin kom í veg fyrir að Björgólfsfeðgar næðu undirtökum í félaginu. Sala Sjóvá nær gerir Straumi fjárfestingarbanka, þar sem Björgólfsfeðgar hafa áhrif, erfitt fyrir að ná undirtökum í Íslandsbanka.

kaupum, en meirihluti bankaráðs Íslandsbanka segir Straum hafa gert það eftir að þeir voru upplýstir um tilboð sem lá fyrir og því komið að borðinu á grundvelli upplýsinga sem ekki voru almennar. Þeir vísa því á bug að viðskipti Karls séu á grundvelli stöðu hans sem innherja og ef einhver hafi haft stöðu innherja í viðskiptum, þá sé það Straumur sem fyrir sakir kurteisi hafi verið látinn vita um að tilboð hafi borist í Sjóvá.

Straumsmenn segja hins vegar að Þórður Már, forstjóri Straums, og Bjarni Ármannsson hafi rætt um Sjóvá og Þórði verið tjáð að hætt hefði verið við tilboðið. Karl mun hafa verið hikandi við kaupin, skömmu fyrir páska og talið verðið sem bankinn vildi fá fyrir Sjóvá fullhátt. Straumsmenn fullyrða að málinu sé hvergi nærri lokið og hyggjast leita til eftirlitsstofnana og hugsanlega dómstóla til að fá niðurstöðu í sölu.

Karl í lykilstöðu

Nú kunna margir að spyrja hvers vegna Sjóvá sé svona góður biti. Meðal sérfræðinga á markaði er

ekki um það deilt að verðið sem Karl greiddi fyrir Sjóvá er hátt. Afkoma af tryggingastarfsemi hefur verið frekar slök eins og hjá flestum tryggingafélögum, en afkoman verði borin uppi af gengishækkunum í eignasafni. Félagið sem slíkt er eflaust áhugavert fyrir þá sem vilja og treysta sér til þess að taka á rekstrinum. Hins vegar er freistandi að draga þá ályktun að deilurnar séu fremur sprotnar af því að með þessum viðskiptum hefur Karl Wernersson tryggt sér yfirburðastöðu í hluthafahópnum og aðkoma Straums og þar með Landsbankanna verið takmörkuð að áhrifum í bankanum.

Björgólfsfeðgar hafa töluverð áhrif í Straumi, bæði í gegnum eignarhlut Burðaráss, svo og í gegnum viðskiptafélaga sína í Gretti sem er stærsti hluthafinn í Straumi. Með því að selja Straumi hlutinn í Sjóvá hefði núverandi meirihluti verið að afhenda fjöregg sitt. Tryggingasjóðir félaga eins og Sjóvár geta haft veruleg áhrif með fjárfestingum sínum. Straumsmönnum hugnast

heldur ekki að stofnað verði fjárfestingarfélag í samvinnu Karls, tryggingafélagsins og bankans. Slíkt félag ásamt tryggingafélaginu gefur nánast óendanlega möguleika á að verja stöðu núverandi meirihluta í hluthafahópi bankans. Gangi kaup Karls í gegn án athugasemda er erfitt fyrir Straum og Landsbankann að komast í vænlega stöðu í hluthafahópi bankans.

Sameining Íslandsbanka og Sjóvár var á sínum tíma varnaðgerð þegar Björgólfsfeðgar sóttu að öllum eignum gamla Kolkrabbans. Sú ákvörðun Bjarna Ármannssonar og Einars Sveinssonar að sameina félagin kom í veg fyrir að Landsbankinn næði undirtökunum í Sjóvá.

Rætt um sameiningu

Í þröngum hópi forystumanna Íslandsbanka og Straums voru fyrir nokkrum vikum þreifingar um að sameina Straum og Íslandsbanka. Lætin nú hafa gert slíkt afar ólíklegt. Fullur vilji mun hins vegar hafa verið til þess hjá ráðandi aðilum beggja fyrirtækjanna.

Straumur á við núverandi aðstæður aðeins tvo kosti, að selja hlut sinn í bankanum eða gera alvarlega tilraun til þess að ná undirtökum í bankanum. Straumur keypti bréf í Íslandsbanka á föstudag fyrir þrjá milljarða króna sem eru tæplega tvö prósent af hlutafé Íslandsbanka. Þau skref benda til þess að Straumsmenn hafi ekki lagt árar í bát og hyggist leggja í orrustu um bankann. Eftir sölu á hlut sínum í Tryggingamiðstöðinni er Straumur með mikla fjármuni sem þurfa að finna sér verkefni. Íslandsbanki er augljóst skotmark. Meðal þeirra sem ráða för í Íslandsbanka nú er ekkert talið útilokað um framhaldið. Ef nægjanlega hátt verð er í boði telja menn ekki útilokað að Straumur geti eignast Íslandsbanka. Meðal stærstu hluthafa er þó útbreidd skoðun að menn vilji þá fá reiðufé fyrir hlut sinn og fara út úr hluthafahópi bankans með mikinn hagnað. Rétt verð sé til fyrir alla hluti og sé það í boði verði því tekið. Lokaorrusta um Íslandsbanka gæti því orðið á næstu vikum. ■

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

11,2%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

*Nafnávöxtun frá 01.03.2005 - 31.03.2005 á ársgrundvelli



NÝ UPPLIFUN

í verzlun Odda í Borgartúni 29

Opið í dag sunnudag frá 13:00 - 17:00

HP BORDTÖLVA dc7100 + 17" SKJÁR

- 3.2GHz Intel P4
- 1GB DDR
- 160GB
- 128MB Ati skjá kort
- 17" TFT LCD skjár
- DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Þráðlaust lyklaborð og mús
- Hátalarar

Vörunúmer: HPPW112ES

5.355 kr.* á mánuði
í 36 mánuði
Tilboðsverð: 149.900kr.

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti



ACER TRAVELMATE 4601 WLMi

- Intel Pentium M 1.6Ghz - Dothan
- 512MB DDR
- 60GB diskur
- DVD skrifari
- 15,4" WXGA
- ATi Mobility Radeon X600 - 64MB
- Þráðlaust netkort
- XP Pro

Vörunúmer: SVT64041

Verð áður: 159.900 kr.

4.660 kr.* á mánuði
í 36 mánuði
Tilboðsverð: 129.900kr.

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti



Deskjet 5740 prentari og
M407 myndavél fylgja með
í kaubæti!



ACER FARTÖLVA 1362LC

- AMD Athlon Sempron 2800+
- 256MB DDR
- 40GB diskur
- DVD/CD-R (CD skrifari)
- 15" XGA
- XP Pro

Vörunúmer: SVTA3606

Verð áður: 89.900 kr.

2.924 kr.* á mánuði
í 36 mánuði
Tilboðsverð: 79.900kr.

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti



COMPAQ NX9015

- AMD Athlon XP-Mobile A2800+
- 256MB DDR
- 40GB diskur
- DVD/CD-RW (CD skrifari)
- 15" XGA (1024x768)
- Þráðlaust netkort
- XP Pro

Vörunúmer: HPDU428EA

3.966 kr.* á mánuði
í 36 mánuði
Tilboðsverð: 109.900kr.

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

Tengikví og þráðlaust lyklaborð
fylgja með í kaubæti!



Það er takmarkalaust hvert þú
kemst eða hverju þú getur hrint
í framkvæmd ef þér er sama
hver fær hrósið.

Robert W. Woodruff (1889-1985), bandarískur, forstjóri Coca-Cola.



Vörunúmer: AC33930972

Með skjávarpanum fylgir
sýningartjald í kaubæti!

SKJÁVARPI

Vandaður stafrænn skjávarpi sem hentar
heimilum, skrifstofum og til kennslustarfa.
Birtustig 1800 ANSI lumen, upplausn
2000:1 og þyngd 2,4 kg.
Óvenju hljóðlátur (27dB) og SRGB tryggir
nákvæmt samfall lita. Ódýr í rekstri
- 3000 klst. perueing.

Vörunúmer: AC1901824

3.449 kr.* á mánuði
í 36 mánuði
Tilboðsverð: 95.000kr.

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

Afgreiðslutími verslunar:
mán. - fös. 08:00 - 18:00
lau. 10:00 - 17:00
sun. 13:00 - 17:00

Verslun Odda • Borgartúni 29 • 105 Reykjavík • Sími 515 5170



ANTHONY TROLLOPE (1815-1882),
SKÁLD OG RITHÖFUNDUR
fæddist þennan dag



Beir eru best klæddir sem eru í fötum
sem enginn tekur eftir.

Anthony Trollope var einn atkvæðamesti og virtasti enski rithöfundur Viktoríutímabilsins. Vinsældir hans ná fram á þennan dag.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Ekkert mál fyrir Jón Pál

Jón Páll Sigmarsson setti tvö Evrópumet á móti í Sjónvarpinu 24. apríl árið 1982. Hann lyfti 362,5 kg í réttstöðulyftu og samanlegt 940kg. Þá fæddust hin fleygu orð: „Þetta er ekkert mál fyrir Jón Pál,“ sem hinn 21 árs gamli KR-ingur kallaði þar sem hann hélt á þremur og hálfu tonni í réttstöðulyftu. Virtist þessi ógnarþyngd hafa lítil áhrif á hann. Sannkallað metaregn var á þessu sjónvarpsmóti Bjarna Fel. Auk evrópumeta Jóns Páls voru sett ellefu landsmet en keppendur voru einungis fjórir. Jón Páll átti síðan farsælan feril í kraftlyftingum og sigraði í keppn-

inni um titilinn „sterkasti maður heims“, í janúar 1985 fyrstur Íslendinga. Keppnin fór fram í Mora í Svíþjóð. Þá var hann 24 ára gamall en hann átti eftir að vinna keppnina margoft, eða fjórum sinnum í allt. Jón Páll var einnig einn af brautryðjendum í vaxtarækt en í aflraunakeppnum eins og Sterkasta manni heims reyndist hann hafa fundið sína réttu hillu. Fólki hafði gaman að því að fylgjast með Jóni Páli keppa. Hann sagði alltaf það sem honum datt í hug og var ætíð léttur í lundu. Hann lést í janúar 1993 langt fyrir aldur fram, aðeins 32 ára að aldri.



24. APRÍL

MERKISATBURÐIR

- 1914 Dauðadómur er kveðinn upp í síðasta sinn á Íslandi. Dómnum var síðar breytt í ævilangt fangelsi.
- 1953 Churchill er sæmdur riddaratign af Elísabetu Englandsdrottningu.
- 1970 Niútiu námsmenn ryðjast inn á skrifstofur menntamálaráðneytis til að lýsa stuðningi við námsmenn erlendis
- 1977 Tékkneski stórmeistarinn Vlastimil Hort setur heimsmet í fjöltefli á Seltjarnarnesi.
- 1994 Magnús Scheving lendir í öðru sæti á heimsmestaramóti í þöflimi í Japan.
- 1996 Feðgamir Arnór og Eður Smári Guðjohnsen leika báðir í landsleik í knattspyrnu í Eistlandi. Íslendingar vinna 3:0



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs föður okkar,

Guðmundar Laxdal Jóhannessonar

sem lést að Grund 31. mars.

Börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og systir.

TÍMAMÓT: MÓTMÆLI NÁMSMANNA Í MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Studdi námsmenn erlendis

Niútiu námsmenn ruddust inn í skrifstofur menntamálaráðneytis við Hverfisgötu í Reykjavík þann 24. apríl 1970. Voru þeir að lýsa stuðningi við kröfur námsmanna erlendis. Nokkrum dögum fyrr höfðu ellefu íslenskir námsmenn frá Gautaborg og Uppsölum lagt undir sig sendiráð Íslands í Stokkhólmi til að vekja athygli á ófremdarástandi í íslenskum menntamálum, ekki síst varðandi námslán, en einnig til að hvetja til sósíalískrar byltingar á Íslandi. Sænska lögreglan fjarlægði stúdentana úr sendiráðinu en slíkt hið sama gerði íslenska lögreglan við námsmennina sem settust á ganga menntamálaráðuneytisins.

Sveinn Rúnar Hauksson lækur var einn þeirra sem mótmælti í menntamálaráðuneytinu. „Við vildum tengja okkur verkalýðsbaráttu og lýsa samstöðu með henni og því var rauði fáninn hafinn á loft,“ segir Sveinn en að hans sögn gerðu námsmenn kröfu um að fá fund með menntamálaráðherra. Þegar þeir fengu það ekki hafi námsmenn hótað því að sitja áfram á göngum ráðuneytisins þar til ráðherrann fengist á fund. Sveinn segir engin alvarleg slagsmál hafi orðið. Eftirmál urðu



BORINN ÚT Sveinn Rúnar borinn út úr ráðuneytinu af lögreglumönnum.

lítill og féll málið dautt niður.

Um svipað leyti og íslenskir námsmenn settust tæpir þrjú tugir námsmanna að í sendiráðinu í Ósló en eftir það tók mótmælum þessum að linna. ■



Innilegar þakkir til allra þeirra, er sýndu okkur auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu, og langalangaömmu

Jóhanna Loftsdóttir

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

Lárus Gamalielsson,
börn, tengdabörn og ömmubörn.

Fróðleikur af gardur.is



Brautryðjandi meðal kvenna:

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Bríet var fædd 27. sept. 1856, dóttir Bjarnhéðins Sæmundssonar bónda á Böldvarshólum í Vesturhópi og konu hans Kolfinnu Snæbjarnardóttur. Hún var náfrænka Arnljóts alpm. Ólafssonar og var um tíma undir handarjaðri hans. Eftir kvennaskólanám fluttist hún til Reykjavíkur, alfarið 1887. Fyrst kvenna flutti hún fyrirlestur á

Íslandi og gaf hann út 1888: Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna. Annað rit hennar var Sveitalífið og Reykjavíkurlífið (1894). Hún varð víðkunn af baráttu sinni fyrir kosningarétti, kjörgengi og jafnrétti kvenna til skólanáms og embættis til jafns við karlmenn. Stóð að stofnun Hins ísl. kvenfélags 1894, stofnaði Kvenréttindafélag Íslands 1907, var formaður þess í 20 ár og heiðursforseti frá 1927. Átti hlut að stofnun Verkakvinnafélagsins Framsóknar. Sat í bæjarsjórn í tíu ár og lét þar mikið að sér kveða, gekkst m.a. fyrir því að koma á fót fyrsta barnaleikvelli Reykjavíkur, við Grettisgötu. Hún var ritstjóri Kvennablaðsins 1895-1919 og Barnablaðsins 1898-1903. Riddari af Fálkaorðunni varð hún 1939. Bríet lést þann 16. marz 1940. Dánargjöf hennar var sjóður til að styrkja konur til náms og vísindastarfa. Maður hennar, hinn þjóðkenni Valdimar Ásmundsson, ritstjóri Fjallkonunnar, féll frá 49 ára 1902. Börn þeirra voru Laufey bókhaldari og Héðinn alpm. og forstjóri Óliuverzlunar Íslands, faðir Bríetar leikkonu.

Meira á gardur.is



Hægt er að setja inn æviþróun lúttinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.



BORINN ÚT Sveinn Rúnar borinn út úr ráðuneytinu af lögreglumönnum. lítill og féll málið dautt niður. Um svipað leyti og íslenskir námsmenn settust tæpir þrjú tugir námsmanna að í sendiráðinu í Ósló en eftir það tók mótmælum þessum að linna. ■



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, bróðir, afi og langafi

Hjörtur Magnús Guðmundsson

Löngubrekku 47, Kópavogi,

sem lést 18. apríl síðastliðinn verður jarðsungið frá Kópavogskirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Peim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Sunnuhlíðar.

Fyrir hönd aðstandenda

Guðrún Rósa Sigurðardóttir
Karl Hjartarson

Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir
Ásdís Emilía Björgvinsdóttir

Lilja Hjartardóttir
Sigrún Hjartardóttir
Guðmundur Hjartarson
Stefanía Hjartardóttir
Gunnhildur Hjartardóttir
Ingibjörg Hjartardóttir

Þórhalla Jónsdóttir
Helgi Hrafnsson

Skarphéðinn Þór Hjartarson
Elsa Unnur Guðmundsdóttir
Bragi Kr. Guðmundsson
Barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Sigríður Loftsdóttir
Margrét Hauksdóttir

ANDLÁT

Hildegard S. Björnsson, Furugerði 1, Reykjavík, lést föstudaginn 15. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrþey.

Stefán Þórðarson, Hörgslundi 13, Garðabæ, lést þriðjudaginn 19. apríl.

AFMÆLI

Geir Jón Þórisson lögreglu maður er 53 ára.

Guðrún Þórðardóttir leikkona er 48 ára.

Fríðrik Karlsson gítarleikari er 45 ára.

Bára Grímsdóttir tónskáld er 45 ára.

Björn Malmquist fréttamaður er 41 árs.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Ný og betri bókkunarleið á Netinu

veljið dagsetningu [breyta leiðinni](#)

Reykjavík til London	27 jún. 05	+/- 3 dagar	Farþegar:	1
London til Reykjavík	3 júl. 05	+/- 3 dagar	Fargjald:	Almennt

Verð miðast við fullorðna án skatta. Heildarverð að meðtöldum sköttum fyrir alla farþega verður birt á næstu stigum.

Til baka: London - Reykjavík

	fim. jún. 30	fös. júl. 01	lau. júl. 02	sun. júl. 03	mán. júl. 04	þri. júl. 05	mió. júl. 06
Á útleið: Reykjavík - London	fös. jún. 24	frá 21000 ISK	frá 23800 ISK	frá 21000 ISK	frá 23800 ISK	frá 21000 ISK	frá 21000 ISK
	lau. jún. 25	frá 18200 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK
	sun. jún. 26	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 25900 ISK	frá 23100 ISK	frá 23100 ISK
	mán. jún. 27	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 23800 ISK	frá 21000 ISK	frá 21000 ISK
	þri. jún. 28	frá 59800 ISK	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK
	mió. jún. 29	frá 69800 ISK	frá 59800 ISK	frá 49800 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK
	fim. jún. 30	frá 69800 ISK	frá 69800 ISK	frá 59800 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK

Legend = Umbeðin dags. = Lægsta verð **ISK** = Íslenskar krónur

Umbeðnir ferðadagar á lægsta verði

Lægsta verð
sem er í boði
almennt
á viðkomandi
áfangastað



Nú er einfaldara, þægilegra og fljótlegra að panta flug á www.icelandair.is

Um helmingur farþega með Icelandair pantar og greiðir fyrir flugfarið á Netinu.


Við höfum nú tekið í notkun nýtt og einfaldara leitar- og bókkunarkerfi á vef okkar, www.icelandair.is. Notandaviðmótið er skýrt og þægilegt og leikur einn að kanna flugmöguleika á

tilteknum dögum, skoða mismunandi verð og ganga frá pöntun og greiðslu.

Kynntu þér málið og slástu í hóp þeirra tugþúsunda Íslendinga sem kaupa sér alltaf flugmiða á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is





„Það er auðvelt að byrja að spara. Það er erfitt að skilja
hvers vegna maður byrjar ekki fyrr.“



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,
á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir
í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.

Tungumálið er hljóðfæri hugans



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK Ísland var kyrrstöðusamfélag öldum saman en eftir síðari heimsstyrjöld hefur margt breyst. Tengslin við þann veruleika sem til dæmis orðtök eru sprottin úr hafa slitnað og því fara margir rangt með þau.

Staða íslenskunnar hefur verið í kastljósinu í viku bókarinnar. **Bergsteinn Sigurðsson** hitti Njörð P. Njarðvík, rithöfund og fyrrverandi prófessor, að máli og ræddi við hann um málrækt, kæruleysi í málnotkun og gildi íslenskrar tungu.

Ætli það sé ekki þessi,“ segir Njörður P. Njarðvík rithöfundur og bendir á samheitaorðabók í bókahillunni heima hjá sér þegar hann er spurður hvaða bók hann gluggi oftast í.

Njörður kenndi íslensku við Háskóla Íslands í rúma þrjá áratugi, en settist í helgan stein síðastliðið haust og hefur því getað einbeitt sér meira að skriftum en oft áður. Í vikunni sem leið voru gefnar út tvær bækur eftir hann; ljóðabókin *Aftur til steinsins* og *Árbók bókmenntanna*, sem var gefin út í tilefni viku bókarinnar.

Íslensk tunga hefur eðli málsins samkvæmt verið í sviðsljósinu í viku bókarinnar. Sitt sýnist hverjum um stöðu hennar; spurt hefur verið hvort hún sé yfirhöfuð þessi virði að varðveita og

hver munurinn sé á málrækt og málhreinsun. „Þetta er leikur að orðum,“ segir Njörður. „Málrækt hefur yfir sér jákvæðari blæ en málhreinsun. Fyrir mér er málrækt það að reyna að vanda sig. Ég líki tungumálinu við hljóðfæri hugans. Ef maður leikur á hljóðfæri reynir maður að fá samhljóm og laglínu. Sá sem ætlar að birta huga sinn verður að gæta þess hvernig hann talar. Þetta finnst mér vera málrækt í eðli sínu.“

Kæruleysi mesta váin

Njörður bendir á margar ástæður séu fyrir því að íslenskan hefur varðveist. Í fyrsta lagi varð íslenskan snemma þróað ritmál. Á þrettándu öld misstu Íslendingar flota sinn og hófst þá aldalong einangrun sem varðveitti tunguna. Við síðaskiptin á miðri 16. öld skipti það miklu máli að Íslend-

ingar tóku ekki við danskri biblíu eins og Norðmenn gerðu, heldur var hún þýdd á íslensku. Síðast en ekki síst var Ísland kyrrstætt þjóðfélag alveg fram á síðastliðna öld og atvinnuhættir breyttust ekki mikið þar til eftir seinni heimsstyrjöld.

Votré

*Hvar finnur tréð
fyrst fyrir vorinu?*

*Er það í fálmandi rótum
djúpt undir hvítu frosti
eða kannski í greinum
sem þreifa á andkaldri golu
í leit að hlýju ljóssins?*

*Einhver staðar
langt inni í trénu
fæðist vorid*

*og læðist til okkar
í grænni gleði*

Úr ljóðabókinni *Aftur til steinsins*.

„Síðan þá hafa orðið miklar breytingar, til dæmis höfum við fjarlægst atvinnuhætti sem orðtök eru byggð á. Í dag vita margir ekki hvað tögl og hagldir eru og fáir hafa séð bundið hey. Það er ástæðan fyrir því að fólk fer rangt með ýmis orðtök, tengslin við þann veruleika sem þau eru sprottin úr hafa slitnað. Auk þess verðum við fyrir mjög einhæfum áhrifum frá ensku. Margir telja það nóg að kunna ensku og í sjónvarpi blasir við ensk-amerískur veruleiki að mestu leyti.“

Njörður hefur helst áhyggjur af kæruleysi Íslendinga, að fólk sé sama um hvernig það talar og vandi sig ekki. „Það hefur verið tilhneiging í mörgum tungumálum að einfalda málfræðikerfið. Danska, sænska og norska eru

tungumál sem öll hafa verið einfölduð talsvert. Af því að íslenska málsamfélagið er svona lítið óttast ég að við missum það alveg ef við sleppum á því tókunum.“

Sjálfstæð rödd í heiminum

Njörður telur að kæruleysi í málnotkun hafi einmitt farið vaxandi. „Ég hef tekið eftir að orðaforði fólks fer minnkandi. Minnkandi orðaforði táknar að maður hefur minna úr að spila og tjáningin verður einfaldari. Skriftir ganga út á að fólk vill hnitmiða hugsun sína og koma henni skilmerkilega til skila og til þess er nauðsynlegt að búa yfir góðum orðaforða.“

Njörður hefur minni áhyggjur af tökuorðum, sem hann segir að geti verið góð ef þau eru lögð að íslenskrum málfræði. „Það er hins vegar of mikið af því að orð séu tekin inn án þess að þau séu aðlöguð að málfræðinni. Mér leiðist líka þegar erlend orð eru notuð frekar en jafngild íslensk orð. Ég hef tekið eftir að strætisvagnar aka eftir tímatöflu, ekki dagskrá eða áætlun. Þetta er óþarfi.“

En skiptir það máli, kann einhver að spyrja, hvort íslenskan varðveitist í sem upprunalegastri mynd eða ekki? Er varðveisla hennar ekki afleiðing slæms ástands, einangrunar og kyrrstöðu? „Það má vissulega velja því fyrir sér hvort þetta málsamfélag sé þess virði að varðveita,“ svarar Njörður. „En hvað myndi felast í því að hætta að tala íslensku? Með því að tala okkar eigið tungumál erum við sjálfstæð menningar-eining og höfum rödd í heiminum. Ef við skiptum íslenskunni út fyrir ensku er ég hræddur um að við værum á útjaðri mál- og menningarsamfélags sem hefði lítinn áhuga á okkur. Útvötnuð viðbót við það sem fyrir er.“

Börnum þyki vænt um málið

Njörður bendir á að spurningin um varðveislu tungunnar snúist ekki bara um tungumál sem slíkt, til dæmis hugsu menn ólíkt eftir því hvaða tungu þeir mæla á. „Í finnsku til dæmis er ekki kyn, greinir né forsetningar. Málið er öðruvísi uppbyggt en íslenska og þar af leiðandi hugsa menn öðruvísi. Tungumál skapar rödd, blæbrigði og hljómfall raddarinnar breytast eftir því hvaða tungumál er talað.“

” Ef við skiptum íslenskunni út fyrir ensku er ég hræddur um að við værum á útjaðri mál- og menningarsamfélags sem hefði lítinn áhuga á okkur.

Njörður telur að í samfélagi nú til dags þurfi að hlúa sérstaklega að málnotkun barna. „Það eru ekki sömu tengsl á milli kynslóða og áður fyrr. Kennarar sjá um börnin og hver þeirra hefur nokkur börn á sinni könnu. Foreldrar hitta börnin sín eftir erfiðan vinnudag og hvernig er samskiptunum háttað þá? Það er mikilvægt að það sé lesið fyrir börn og það skiptir máli hvernig er talað við þau. Við höfum kannski gert þá vitleysu í kennslu að vera of neikvæð og gagnrýnin í stað þess að reyna að laða börn að tungumálinu, benda á hvað er fallett, hvernig hægt er að komast hagnalega að orði og reyna að fá ungt fólk til að þykja vænt um málið. Börn hafa mikið ímyndunarafli sem ég held að megi nýta til að auka tjáningarmöguleika þeirra. Þau hafa gaman af því að ríma og þylja og þennan eiginleika eignum við að virkja.“

Njörður segir þó slíkar hugsjónir ekki hafa verið það sem dró hann í kennslu. „Ég ætlaði ekki að verða kennari, heldur slysaðist inn í íslenskudeild Háskólans,“ segir hann og hlær. „Ekki svo að skilja að ég sjái eftir þessum tíma.“ Margir af nemendum Njarðar hafa síðar snúið sér að skriftum sjálfir og hann segist reyna að fylgjast með þeim. Njörður sér ekki fram á að þurfa að láta sér leiðast eftir að hann settist í helgan stein enda er hann með mörg járn í eldinum. „Ég ætla fyrst og fremst að skrifa meira. Ég hef látið skriftirnar sitja allt of lengi á hakanum.“ ■



Beint flug til hinna fögru miðaldarborgar
Tallinn í Eistlandi

Ótrúlegt verð - flug með sköttum, einungis 18.990 kr.
Örfá sæti eftir. Frá 15. júlí-26. júlí.

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimslista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla, hóteltgisting og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlíf fjörugt, barir, skemmtitaðir og kaffihús á hverju götuhorni.

Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

Trans-Atlantic

Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

NJÖRÐUR Í HNOTSKURN

Fæddur: 1936.

Menntun: Doktorsgráða í íslenskum bókmenntum.

Starf: Prófessor við íslenskuskól Háskóla Íslands í 33 ár. Rithöfundur.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Beru Þórisdóttur. Saman eiga þau Frey 43 ára, Hildi 35 ára og Urði 34 ára.

Áhugamál: Njörður hefur verið í forystu SPES, alþjóðlegar barnahjálpar sem rekur heimili fyrir munaðarlaus börn í Tógó.



Opið um helgina
í aðalumboði



10 Ford Mustang bifreiðar í vinninga

Bílarnir verða til sýnis í Smáralind um helgina

Ekki missa af milljónum í hverri viku

- Heildarverðmæti vinninga 705 milljónir
- Allir vinningar eru skattfrjálsir

Hringdu núna
561 7757

Kíktu á netið
www.das.is

HAPPDRETTI

das

-vinnur í hverri viku

NÝR KÓLUMBÍSKUR KÓKAÍNRSI

Norte Valle-eiturlyfjahringurinn hefur tekið við af Medellin- og Cali-hringjunum sem sá öflugasti og ofbeldissinnaðasti í Kólumbíu. Höfuðpaurinn er á lista yfir tíu eftirsóttustu glæpamenn heims. *Trausti Hafliðason* fjallar um lygilega sögu ópokkanna frá Cauca-sýslu.

Fyrr í vetur bárust fregnir af því að kólumbísk yfirvöld hefðu framselt Gilberto Rodriguez Orejuela, höfuðpaur Cali-eiturlyfjahringins, til Bandaríkjanna. Bandarísk og kólumbísk yfirvöld höfðu verið á eftir Orejuela í þrettán ár, en hann stofnaði glæpasamtökin ásamt Jose Santacruz-Londono á áttunda áratugnum. Santacruz-Londono var skotinn til bana af kólumbísku lögreglunni fyrir níu árum og er talið að framsal Orejuela, sem hefur stjórnað Cali-hringnum síðustu ár með Miguel bróður sínum, marki endalok Cali-veldisins. Miguel situr í fangelsi í Kólumbíu og biður þess að vera framseldur til Bandaríkjanna. Um 100 meðlimir Cali-hringins hafa nú verið handteknir og dæmdir til fangelsisvistar.

Þó Cali-hringurinn hafi nú svo gott sem verið upprættur er kólumbísk kókaínframleiðsla og dreifing síður en svo að líða undir lok. Nýir glæpamenn hafa fyrir löngu fyllt það skarð sem Medellin- og Cali-hringurinn skildu eftir sig. Stærsti eiturlyfjahringur Kólumbíu í dag kennir sig hvorki við Medellin né Cali heldur Norte Valle (Norðurdalinn), sem er í norðurhluta Cauca-sýslu, skammt norðvestur af borginni Cali.

600 tonn af kókaíni

Norte Valle-hringurinn hefur vaxið og dafnað undanfarið ár, fyrst í skugga Medellin-hringins og síðar Cali-hringins. Auk þess að smygla kókaíni smyglar Norte Valle-hringurinn einnig töluverðu af heróíni til Vesturlanda og þá helst Bandaríkjanna. Einn mælikvarði á það hversu alræmdur Norte Valle-hringurinn er orðinn er að síðasta sumar var höfuð-

paurinn, Diego Leon Montoya Sanchez, einnig þekktur sem Don Diego, settur á lista Bandarísku alríkislögreglunnar yfir tíu eftirsóttustu glæpamenn heims. Þar er hann ásamt Osama bin Laden. Bandaríska alríkislögreglan heitir 300 milljónum króna hverjum þeim sem veitt getur upplýsingar sem leiða til handtöku Don Diego.

Norte Valle-hringurinn hefur verið umsvifamikill í kókaínviðskiptum síðan snemma á síðasta áratug. Bandaríska dómsmálaráðuneytið áætlað að eiturlyfjahringurinn beri ábyrgð á um 60 prósentum af því kókaíni og heróíni sem fer á markað í Bandaríkjunum. Talið er að hringurinn hafi smyglað hátt í 600 tonn af kókaíni til Bandaríkjanna á síðustu 14 árum. Áætlað virði efnanna er ríflega 600 milljarðar íslenskra króna. Til samanburðar eru fjárlög íslenska ríkisins innan við 300 milljarðar króna á ári.

Í bandalagi við skæruliða

Norte Valle-hringurinn hefur náin tengsl við öfgahægrisinnuð skæruliðasamtök sem nefnast Hin sameinuðu varnarsamtök Kólumbíu (Autodefensas Unidas de Colombia eða AUC). Þessi samtök, sem bera ábyrgð á einum verstu mannréttindabrotum í sögu Kólumbíu og þó víðar væri leitað, hafa slegið skjaldborg um Norte Valle-hringinn og Don Diego. Þetta bandalag hefur gert löggæsluyfirvöldum afar erfitt fyrir og orðið til þess að yfirmenn Bandarísku fíkniefnalögreglunnar kalla Norte Valle-hringinn „öflugasta og ofbeldissinnaðasta eiturlyfjahring Kólumbíu“.

Auk þess að njóta verndar skæruliðasamtakanna hefur

Norte Valle-hringnum tekist að móta háttsettum lögreglumönnum, embættismönnum á öllum stigum stjórnsýslunnar og kjörnum fulltrúum sveitarstjórna og kólumbíska þingsins.

Lúxusíbúðir og snekkjur í Flórída

Líkt og flestir eiturlyfjahringur hefur Norte Valle-hringurinn verið atorkumikill í hvers konar peningabætti. Hefur hringurinn stofnað fjölda fyrirtækja og keypt önnur í þeim eina tilgangi að hylja peningaslóð sína. Bandarísk yfirvöld komust á snoðir um þetta og varð það til þess að fjöldi stofnana í Bandaríkjunum og Kólumbíu fór í samstarf um að uppræta peningabætti. Verkefnið er hið víðamesta sem Bandaríkjamenn hafa nokkrum sinnum farið í á þessu sviði.

Fljótlega komust bandarísk yfirvöld að því að móðir Don Diego, sem og fyrrverandi eiginkona hans og tveir synir, byggju í lúxusíbúðum í Miami. Fjölskyldan lifði í vellystingum með 250 milljóna króna snekkju liggjandi við privatbryggju í bakgarðinum. Sextán ára gamall sonur Don Diego ók á 40 milljóna króna BMW í skólann. Bandarísk yfirvöld komust líka að því að Miguel Solano, háttsettur meðlimur Norte Valle-hringins, átti 200 milljóna króna hús skammt norðan við Miami og auðvitað átti hann líka snekkju. Lögreglan gerði eignirnar allar upptækar og vísaði fjölskyldu Don Diego úr landi. Solano náðist ekki.

Blóðugt stríð innan hringins

Það eru ekki aðeins bandarísk löggæsluyfirvöld sem hafa látið til skarar skríða gegn Norte Valle-hringnum. Kólumbíska lögreglan hefur reynt að hreinsa til í sínum röðum og sótt spilla lögreglumenn til saka. Hún hefur einnig gert upptækan fjölda eigna eiturlyfjahringins, meðal annars sveitasetur Don Diego. Þá hefur kólumbíska lögreglan handtekið tvo bræður Don Diego og einn frænda hans, en þremmingarnir störfuðu allir fyrir „stórlaxinn“. Þeir biða þess nú að verða framseldir til Bandaríkjanna.

Í kjölfarið á hertum aðgerðum lögreglunnar og annarra opinberra stofnana braust út blóðugt stríð innan Norte Valle-hringins fyrir tveimur árum. Don Diego og aðrir háttsettir Norte Valle-meðlimir óttuðust að einhverjir innan



hringsins væru að vinna með lögreglunni. Fyrsta fórnarlambið í stríðinu var Solano, sá sem átti lúxushúsið skammt frá Miami. Hann var skotinn til bana fyrir utan næturklubb í hafnarborginni Cartagena. Síðan hann var myrtur hafa hundruð annarra verið dreppnar. Þetta stríð innan hringins hefur klöfið hann í tvennt. Don Diego leiðir öflugri fylkinguna en maður að nafni Wilber Varela, einnig þekktur sem Sápan (Jabon), leiðir hina. Þeir leika báðir lausum hala.

Sviðsetti eigin útför

Ljóst er að þótt Don Diego gangi laus er farið að þrengja mjög að honum, svo mjög að á síðasta ári sviðsetti hann eigin útför. Kistan var borin inn í kirkju og syrgjendur grétu þegar presturinn fór með minningarorðin. Upp komst um leikritið og Don Diego er enn hundeltur. Sérfræðingar eru sammála um að innbyrðis stríð og aðgerðir bandarískra og kól-

umbískra yfirvalda hafi veikt Norte Valle-hringinn þó nokkuð. Þeir telja að til þess að hægt verði að uppræta hringinn endanlega verði að rjúfa tengsl hans við skæruliðasamtökin alræmdu. Það hefur ekki enn tekist.

Hins vegar eru teikn á lofti um að ný kynslóð eiturlyfjabaróna, tengdra Norte Valle-hringnum, sé að vaxa úr grasi. Hringurinn er enn gríðarlega umsvifamikill og kókaíni flæðir enn frá Cauca-sýslu í Kólumbíu til Bandaríkjanna og Evrópu. Þá er er líklega óhætt að fullyrða að á meðan þorstinn eftir kókaíni heldur áfram að aukast á Vesturlöndum verður honum svalað af kólumbískum eiturlyfjahringum. Sagan sýnir að þegar einn slíkur er upprættur sprettur annar upp úr öskustó hans. Þetta er hringrás sem erfitt er að stöðva.

HEIMILDIR: Bandaríska dómsmálaráðuneytið, Bandaríska alríkislögreglan (FBI), Bandaríska utanríkisráðuneytið, Bandaríska fíkniefnalögreglan (DEA), Associated Press (AP), Interpol, BBC og St. Petersburg Times.



» DREIFILEIÐIR NORTE VALLE-HRINGSINS

Höfuðstöðvar Norte Valle-eiturlyfjahringins eru í Cauca-sýslu í Kólumbíu. Þar framleiðir hringurinn mest af því kókaíni sem síðan er smyglað til Bandaríkjanna og Evrópu. Þó fær hann einnig kókaín til vinnslu frá Perú, Ekvador og Bólivíu. Frá afskekktum stöðum í Cauca-sýslu, þar sem Norte Valle-hringurinn er með kókaínverksmiðjur, er efnið flutt til hafnarborgarinnar Buenaventura með flugvélum og flutningabílum. Skæruliðasamtök sem nefnast Hin sameinuðu varnarsamtök Kólumbíu gæta þess að kókaínið komist á leiðarenda. Frá Buenaventura er kókaínið síðan smyglað til Bandaríkjanna og Evrópu. Algengt er að hraðbátar og hefðbundin fiskiskip séu notuð til að smygla kókaíni til Mexíkó og þaðan til Bandaríkjanna. Í síðasta mánuði fann kólumbíska lögreglan kafbát sem smyglarar voru að byggja í borginni Tumaco í suðvesturhluta landsins. Það er því ljóst að hugmyndaflyg eiturlyfjasmyglaranna á sér lítill takmörk. HEIMILD: Bandaríska dómsmálaráðuneytið.



DON DIEGO

Diego Leon Montoya Sanchez er á lista Bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) yfir tíu eftirsóttustu glæpamenn heims. Rúmum 300 milljónum króna er heitið fyrir upplýsingar sem geta leitt til handtöku þessa höfuðpours Norte Valle-eiturlyfjahringins.

LÝSING

Fæddur: 11. janúar 1958 (segist fæddur 11. janúar 1961)
Fæðingarstaður: Trujillo, Kólumbíu
Hæð: 1,83 cm
Þyngd: 103 kíló
Hárlitur: Svartur
Augnlitur: Brúnn
Þjóðerni: Kólumbískur
Einkenni: Með ör á baki og fótleggjum eftir skurðaðgerð í kjölfar bílslyss
Víðurnefni: Don Diego, El señor de la guerra (stríðsherrann) og El ciclista (hjólreiðamaðurinn)
Heimild: Bandaríska alríkislögreglan



WILBER VARELA

Wilber Alirio Varela-Fajardo er eftirlýstur af bandaríska utanríkisráðuneytinu. Hann er einn af höfuðpaurum Norte Valle-hringins og leiðir klofningsfylkingu sem á í blóðugu stríði við Don Diego og hans menn. Allt að 300 milljónum króna er heitið fyrir upplýsingar sem geta leitt til handtöku Varela.

LÝSING

Fæddur: 6. nóvember 1957
Fæðingarstaður: Roldadillo, Kólumbíu
Hæð: Óþekkt
Þyngd: Óþekkt
Hárlitur: Svartur
Augnlitur: Brúnn
Þjóðerni: Kólumbískur
Einkenni: Engin tiltekin
Víðurnefni: Sápan (Jabon), Þvottaefnið (Detergente), Sá gamli (El viejo), El negro (Sá svartur)
Heimild: Bandaríska utanríkisráðuneytið

Lögreglumaður í röngum hópi

Í mars á síðasta ári var kólumbíski lögreglumaðurinn Danilo Gonzalez borinn til grafar. Útförin var látlaus og fór fram í lítilli kapelli við lögreglustöðina í höfuðborginni Bógota.

Ferill Gonzalez í lögreglunni spannaði meira en tvo áratugi. Hann var einn færasti rannsóknar-lögreglumaðurinn í stríðinu við eiturfjabarónana sem ráða svo miklu í þessu Suður-Ameríkuríki. Fáir lögreglumenn vottuðu Gonzalez þá virðingu að vera við-staddir útförina og lögreglan hélt enga athöfn þessum annars marg-verðlaunaða lögreglumanni til heiðurs. Ástæðan? Bæði bandarísk og kólumbísk löggæsluyfir-völd segja að Gonzalez hafi verið kominn í slagtog með óvininum – eiturfjabarónunum. Reyndar var svo komið að hann hafði verið ákærður ásamt fjölda glæpa-manna, meðal annars úr Norte Valle-eiturfjaringnum, fyrir samsæri og eiturfjasmýgl.

Gonzalez beið þess að vera framseldur til Bandaríkjanna þegar hann var skotinn til bana af öðrum lögreglumanni sem hafði snúist á sveif með eiturfjabarónunum. Hann var skotinn af því að þeir óttuðust að hann myndi leka mikilvægum upplýsingum til lögreglunnar. Á segubandsupptöku sem komst í hendur fjölmiðla lýsir hann því hversu mikið í mun honum sé að skýra mál sitt almennilega fyrir bandarískum yfirvöldum, sem hann hafði unnið náðið með í meira en áratug.

„Ákveðnar kringumstæður leiddu til þess sem gerðist,“ segir hann á upptökunni. „Ég er viss að um að þeir skilja mig þegar ég segi þeim frá öllu saman.“

Sem dæmi um það í hversu miklum metum Gonzalez var á sínum tíma sagði Joe Toft, fyrrum yfirmaður Bandarísku fíkniefnalögglunnar (DEA) í Bógota að Gonzalez væri örugglega einn



DANILO GONZALEZ Hér tekur Gonzalez við orðu frá kólumbísku lögreglunni.

af þeim bestu. „Hann vann mjög náðið með okkur,“ sagði Toft.

Saga Gonzales, sem átti meðal annars stóran þátt í því að Pablo Escobar var handtekinn, er ekkert einsdæmi. Í Kólumbíu eru algeng mánaðarlaun lögreglumanna tíu til tólf þúsund krónur, sem segir flest sem segja þarf.



» KÓLUMBÍA FRAMLEIÐIR 80%

Kólumbía er langstærsti framleiðandi kókáíns í heiminum. Talið er að um 80 prósent af öllu kókáini í heiminum komi frá Kólumbíu. Hin tuttugu prósentin koma mestmegnis frá Bólívíu og Perú. Lagt er hald á gríðarlegt magn kókáíns á hverju ári en þó ekki nándar nægilega mikið til að draga úr eftirspurninni. Árið 2001 lögðu löggæsluyfirvöld í Norður- og Suður-Ameríku hald á 75 prósent af öllu því kókáini sem hald var lagt á það ár í heiminum. Í Vestur-Evrópu var sambærileg tala 13 prósent. Talið er að 60 prósent af öllu því kókáini sem framleitt er í Suður-Ameríku fari á markaði í Bandaríkjunum og Evrópu. Bandarísk yfirvöld áætla að á hverju ári sé um 300 tonnum af kókáini smyglað inn í landið. Talið er að á bilinu 120 til 150 tonnum sé smyglað til Evrópu árlega.

HEIMILD: Interpol



KÓKÁINVERKSMÍÐJA Í CAUCA-SÝSLU Kólumbískur hermaður stendur í dyragætt kókáinverksmiðju sem fannst í vikunni, um 180 kílómetra suðvestur af Bogota. Talið er að um tvö tonn af kókáini hafi verið framleidd í verksmiðjunni á ári.



Gilberto Orejuela

HÖFUÐPAURAR CALI-EITURLYFJAHINGSINS

Bræðurnir Gilberto Rodríguez Orejuela og Miguel Rodríguez Orejuela stjórnuðu Cali-eiturfjaringnum þegar hann var sem öflugastur. Bræðurnir eru nú báðir bak við lás og slá. Gilberto, sem hafði gælunafnið „skákmeistarinn“ vegna þessu hversu séður hann var í viðskiptum, býður nú dóms í Bandaríkjunum en hann var framseldur þangað í desember.



Miguel Orejuela

Undir lok síðasta mánaðar var Miguel framseldur til Bandaríkjanna. Gríðarlegur viðbúnaður var í kringum komu hans til Miami. Þegar hann var fluttur frá flugvöllinum og í fangelsið voru tólf lögreglubílar sem gættu þess að ekkert færi úrskaiðis. Talið er að Cali-hringurinn hafi framleitt um 80 prósent af öllu kókáini í heiminum þegar hann réði ríkjum.



FRÆGASTI EITURLYFJABARÓNINN

Pablo Emilio Escobar Gaviria, oftast nefndur Pablo Escobar eða Don Pablo, er líklega þekktasti eiturfjabarón síðari ára. Hann var yfir Medellín-eiturfjaringnum sem réði ríkjum í Kólumbíu á undan Cali-hringnum. Hann komst til valda á áttunda áratugnum þegar kókáin varð helsta eiturfjari Bandaríkjanna. Í upphafi níunda áratugarins er talið að Medellín-hringurinn hafi smyglað tugum tonna af kókáini til Bandaríkjanna í hverjum mánuði. Escobar var dæmdur í fangelsi í lok níunda áratugarins. Bandaríkjamenn reyndu að fá hann framseldan en kólumbísk yfirvöld höfnuðu því. Fangelsið sem hann var í var í raun líkara sveitasetri. Hann borðaði góðan mat, neytti áfengis og fíkniefna og fékk leyfi til að fá gesti. Í júlí árið 1992 þegar flytja átti Escobar í raunverulegt fangelsi flúði hann. Hann var á flótta í sextán mánuði og myrti hundruð lögreglumanna sem reyndu að elta hann uppi. Í desember árið 1993 komust yfirvöld að því hvar hann var með því að rekja símtal hans. Hann var felldur í skotbardaga í Medellín hinn 2. desember árið 1993.

FÍKNIEFNI Í FLAGGSKIPI FLOTANS

Kólumbísk yfirvöld urðu fyrir miklum álits-hnekkri fyrir ári síðan þegar Alejandro Toledo, forseti Perú, var í opinberri heim-sókn í landinu. Á dagskránni var heimsókn í Gloríu, flaggskip kólumbíska flotans. Skömmu áður en Toledo átti að stíga um borð fundust sextán kíló af kókáini og tíu kíló af heróníni í skipinu. Málið komst í fjölmiðla og baðst Alvar Uribe, forseti Kólumbíu, afsökunar. Það var kannski ekki skrítið því Gloría var á leiðinni í kynnisferð til Bandaríkjanna og Evrópu í þeim tilgangi að bæta mynd Kólumbíu.



ASPEN

SKÍÐAPARADÍS

FERÐIR

HÓPAR ATHUGIÐ! NÚNA ER RÉTTI TÍMINN AÐ PANTA SKÍÐAFERÐINA.

Prettán 10 daga ferðir næsta vetur. Fyrsta ferðin er jólaferð og síðan koll af kalli alla mánudaga til 1. apríl 2006. Boðið er upp á svítuhótelíð Aspen Meadows. Svíturnar eru þær stærstu í Aspen (40-90m²). Flugið er beint til Aspen. Að auki verður boðið upp á 1-2 daga helgarpakka í Minneapolis í lok hverrar ferðar.

Verð frá:

104.900-*

á mann í junior svítu á Aspen Meadows 2 fullorðnir og 2 börn, 2-11 ára.

* Innifalið: Flug með Icelandair til Minneapolis, flug með NorthWest beint til Aspen, 10 nætur á Aspen Meadows með morgunverði, ferðir frá hóteli í öll fjögur fjöllin, aðgengi að hellsulind og líkamsræktarstöð hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallarskattar.

Þann 24. mars síðastliðinn áskotnaðist GB Ferðum sá heildur að vera valin sem Aspen Snowmass Preferred Travel Partner og er eina ferðaskrifstofan á Norðurlöndum í þeim flokki.

Bókanir og nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000



Aukablað Fréttablaðsins um landbúnað

kemur út fimmtudaginn 28. apríl.

Í blaðinu verður meðal annars fjallað um helstu greinar búskapar á Íslandi, þróun búskaparháttanna, Landbúnaðarháskóla og samtök bænda. Einnig verður farið á bæi og rætt við bændur um landsins gagn og nauðsynjar.


Auglýsendur hafi samband við
Ámunda Ámundason, amundi@frettabladid.is,
sími 515 7580 eða 821 7514.



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Led Zeppelin?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

Dæmi: Lausnarorðið er páfínn. Þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna:

Þú gætir unnið DVD-diskinn **Meðan ég sef** með hljómsveitinni Í svörtum fötum.

Hver var aðalsöngvari Led Zeppelin?

b) David Coverdale g) Robert Plant r) Robbie Robertson

Hvaða ár spilaði Led Zeppelin á Íslandi?

a) 1972 s) 1968 f) 1970

Hvenær hætti Led Zeppelin störfum?

t) 1980 s) 1975 f) 1990

Hvað heitir nýjasta plata fyrrum söngvara Led Zeppelin?

u) Zep Again s) Rock'n Roll a) Mighty Rearranger

Hvað hét trommuleikari Led Zeppelin?

i) Ringo Starr s) Gulli Briem r) John Bonham

Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:

Jónheiður Kristjánsdóttir, Snædís S. Aðalbjörnsdóttir, Halldór Þorvaldsson, Sígurður Björnsson og Elvar Þór Steinarsson

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Saga af... Agli rakara

Mikil mistök og skammsýni var að jafna Melavöllinn og mannvirkin þar við jörðu. Mörg sagan varð til þar. Sumar eru geymdar með þjóðinni, sögur um sigra og ósigra. Þeir sem muna Melavöllinn eiga ekki erfitt með að muna bárujárnsgirðingarnar og hin mannvirkin. Muna marsana sem heyrðust um hálfan vesturbæinn og miðbæinn áður en kappleikir hófust. Áður en lengra er haldið langar mig að segja stutta sögu af ósigri. Ef ég man rétt kom hingað til keppni enska fótboltaíðis Queens Park Rangers og atti

kappi við úrvalsið Reykjavíkurlíðanna. Það er skemmst frá að segja að Englendingarnir voru langtum betri og unnu stórsigur, minnr að það hafi verið 11-0. Þegar leikmenn reykviska kappliðsins settust á bekkina í búningsskúrnum, sárir og svekktir eftir leikinn, sagði einn þeirra: „Þegar þeir skoruðu sjöunda markið fannst mér þetta vera orðið vonlaust.“

Jæja, að sögu dagsins. Það var stutt í leik og setið þétt í stúku Melavallarins. Þó voru nokkur sæti laus. Ég var held ég ellefu ára og var svo lán-

samur að sitja tveimur bekkjum fyrir aftan Egil rakara sem var einn kunnastur allra áhugamanna um fótbolta og hann fylgdi KR að málum – af heilum hug. KR atti þennan dag kappi við eitthvert annað lið, sem ég man ekki hvaða lið var. Egill var orðheppinn maður og því var gaman að sitja nálægt honum og heyra hvað hann sagði um leikinn og frammistöðu leikmanna. Leikmenn voru komnir inn á völlinn og dómari var við það að fara að flauta til leiks þegar nýr áhorfandi kom í stúkuna. Sá var drukkinn. Þannig háttáði til að hann varð að ganga framhjá sæti Egils til að komast í laust sæti í stúkunni. Þegar hann gekk framhjá Agli nam hann staðar. Horfði drukknum augum á Egil og sagði: „Erritta ekki Egill rrakarri.“

„Ég veit nú ekki hvor okkar er rakari,“ svaraði Egill að bragði.



**NÝJAR ÍSLENSKAR
ÞJÓÐSÖGUR
með Sigurjóni**

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 4

	26	9	31	10		13	9	11	28	19	25	16	15		A
22		16		27		17		31		4		6		4	B
9	16	20	16	15		15	9	16	24	9	15	12	32	32	D
13		13		25	27	15		30		15		32		23	E
13	15	29	2			9	25	9	15		4	32	5	20	F
9		32		4	5	15	9		27		8				G
26	14	32	12	32			30		15	29	13	1	9	32	H
21		12		12	32	32	30	15	12	24		9		29	I
31	3	32	9	20	12		9			31	9	24	24	12	J
			15			11		15	29	11	12		9	25	K
7	1	19	20		25	18	25	12			16	32	32	9	L
5		15		4		15	25	1	19		4			20	M
11	31	16	30	2	9	20	16	15		15	9	13	13	12	N
9		32		19		16		12		31		16		15	O
	2	9	32	32	9	15	19	20		9	13	15	9		P
															R
															S
															T
															U
															V
															W
															X
															Y
															Z
															Æ
															Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 5 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er Æ til dæmis í reit merktum 18 og fer þá Æ í alla aðra reiti með því númeri. R er í reit númer 15 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 15 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 2-9-30-32-5-4 (í þessari röð):*

Lausnarorð

2 9 30 32 5 4

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: JA LAUSN JON í númerið 1900.

MESTU KVALIR SEM ÉG HEF LIÐIÐ

Körfuknattleiksmaðurinn Logi Gunnarsson er nú loksins búinn að ná sér eftir þrálát meiðsli í öxl og horfir hann björtum augum á framtíðina. Í samtali við Fréttablaðið fer Logi yfir síðasta eina og hálfu árið hjá sér í Þýskalandi, þar sem hann spilar með úrvalsdeildarliðinu Giessen 46ers.

„Þessi meiðsli hafa gert það að verkum að maður er farinn að meta heilsuna meira en áður. Ég hef verið heill í allan vetur og það er það sem skiptir mestu máli. En ég hef ekki fengið að spila eins mikið og ég er vanur og auðvitað er ég ekki sáttur með það. En öxlin er í lagi og það er fyrir öllu,“ segir Logi.

Það var í nóvember árið 2004 sem öxlin umrædda fór fyrst að vera til trafala. Þá lenti Logi í samstuði á æfingu og fór hann úr axlarliði. „Þeir náðu að smella honum í aftur fljótlega en hann fór síðan aftur skömmu síðar. Þá var alveg ljóst að eitthvað mikið var að og var mér skipað að hvíla mig í tvo mánuði,“ segir hann.

„Það var sama hversu oft og fast þeir rykku, ekkert gekk.“

Logi var á þessum tíma á sínu fyrsta ári hjá Giessen og hafði staðið sig framar vonum eftir að hafa komið til liðsins frá 1. deildarliðinu Ulm. Fjölmíðlar töluðu um Loga sem einn besta unga leikmann deildarinnar og því komu meiðsli á versta mögulega tíma.

Öxlin vildi ekki aftur í liðinn

Þegar tveggja mánaða hvíldinni lauk kveðst Loga hafa liðið vel og átti hann ekki von á öðru en að öxlin hafði jafnað sig. Annað átti eftir að koma á daginn. „Fyrsti leikurinn eftir meiðsli var alveg rosalegur og var leikstjórnandinn okkar meiddur. Þess vegna spilaði ég meira en ég hefði átt að gera. Ofan á það fór leikurinn í framlingingu og ég neita því ekki að þá var ég orðinn örpreyttur. Og það koma að því að eitthvað gaf sig. Í blálokinn hoppaði ég upp í frákast og þá small öxlin aftur úr liði,“ segir Logi.

Við tóku aðrar sex vikur á

hliðarlínunni.

„Eftir á að hyggja hefði ég átt að fara að lækni ráði og fara í aðgerð strax á þessum tímamarki,“ segir Logi, sem þráðist við og vildi reyna að láta öxlina gróa með hvíldinni einni saman. Í fyrstu virtist sem sú ákvörðun hefði verið rétt – Logi náði að spila nokkra leiki af fullum krafti og segist hann sjálfur hafa fundið sig afar vel.

En gleðin var skammvinn. Meiðslasagan var rétt að hefjast og á æfingu daginn eftir að hafa spilað einn sinn besta leik í treyju Giessen dundi ógæfan yfir á ný – öxlin gaf sig einu sinni enn. Og í þetta skiptið fór hún algjörlega úr liði.

„Liðurinn fór alveg úr og hafði það aldrei gerst áður,“ segir hann. Þegar slíkt gerist fylgir venjulega mikill sársauki og segir Logi engu logið um það. Hann lýsir næstu klukkustundum sem þeim verstu sem hann hafi nokkru sinni upplifað. „Öxlin vildi ekki fara aftur í liðinn. Læknarnir voru farnir að setja lappirnar undir handakrikan á mér til að geta náð betra taki á hendinni á mér. En það var sama hversu oft og fast þeir rykku, ekkert gekk,“ segir Logi þegar hann rifjar upp kvalirnar.

„Þetta var það versta sem ég hef nokkurn tíma lent í. Eftir klukkutíma af árangurslausum tilraunum þar sem var meðal annars búið að dæla í mig morfíni og öðrum lyfjum gáfust þeir upp. Ég var fluttur á sjúkrahús þar sem ég var svæfður og þá gátu þeir lagað öxlina í friði.“

Til Íslands í endurhæfingu

Eftir þessa óskemmtilegu líf-reynslu var ekki um annað að ræða en fara í aðgerð og kaus Logi að fara í hana á Íslandi. Að henni lokinni tók við endurhæfing sem var undir handleiðslu Benedikts Guðmundssonar, þjálfara Fjölnis. Benedikt hefur gert nokkuð af því að sjá um einstaklingsþjálfun margra af bestu körfuboltamönnum landsins, og fyrir utan Loga má nefna Jón Arnór Stefánsson.

Eftir að hafa æft allt upp í þrisvar á dag á Íslandi síðasta sumar mætti Logi aftur til Giessen í ágúst. Þá var honum gefið grænt ljós á að spila að nýju.

„Ég er búinn að vera í góðum gír í vetur og er kominn í fínt form. Ég er duglegur að gera styrktaræfingar og læknar segja að öxlin eigi að halda,“ segir Logi.

Eins og áður segir hefur Logi mátt þola mikla bekkjarsetu í vetur og er það nokkuð sem hann



LOGI GUNNARSSON Byr í bænum Giessen þar sem íbúar eru um 80 þúsund manns. Um er að ræða sannkallaðan körfuboltaþæ og er uppselt á alla heimaleiki liðsins. Íþróttahöll bæjarins rúmar tæplega 4000 þúsund manns.

sættir sig ekki við. En þrátt fyrir að hann sé ekki inni í myndinni hjá þjálfara Giessen horfir Logi á björtu hliðarnar. Hann er á síðasta ári samningsins við liðið og hefur hug á því að leita á önnur mið í sumar.

„Ég er búinn að vera í góðum gír í vetur og er kominn í fínt form. Læknar segja að öxlin eigi að halda.“

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég lenti í því að spila svona lítið en ég er löngu búinn að ákveða að fyrst ég spila nota ég bara tímann til að fara á aukæfingar með aðstoðarþjálfaranum og reyni að gera mig tilbúinn fyrir næsta verkefni, hvort sem það verður hér í Þýskalandi eða í einhverju öðru landi,“ segir Logi, sem er laus allra mála í júní.

„Ég ætla að nota þann tíma til að bæta mig. Ég æfi daglega með mjög öflugum leikmönnum og þó ég sé ekki að spila mikið finnst mér ég hafa verið að bæta mig.“

Það eina sem ég get gert er að reyna að vera jákvæður og halda mínu striki. Ég er búinn að eyða allt of miklum tíma í körfubolta á ævinni til að vera eitthvað að bakka út núna,“ segir Logi og er staðráðinn í því að spila körfubolta erlendis eins lengi og mögulegt er.

„Ég hef stefnt að atvinnu-mennsku frá því að ég var lítill patti og ég ætla mér að vera í henni næstu árin. Hvar svo sem það verður eftir sumarið verður bara að koma í ljós. En ég er ekki á heimleið.“ vignir@frettabladid.is

Ásthildur Helgadóttir: Skoraði tvö góð mörk

FÓTBOLTI Knattspyrnukonan Ásthildur Helgadóttir er komin á fulla ferð með félagi sínu Malmö FF í sænsku úrvalsdeildinni.

Malmö-stúlkur léku við Mallbacken, sem Erla Steina Arnardóttir leikur með, og unnu Ásthildur og félagar auðveldan sigur, 5-0.

Ásthildur var í fantaformi í leiknum og kom Malmö á bragðið með marki á 8. mínútu og rak síðasta naglann í kistu Mallbacken á 69. mínútu með sínu öðru marki.

Malmö er í öðru sæti deildarinnar með fjögur stig eftir tvo leiki en Mallbacken er stigalaust í næstnæsta sæti sænsku úrvalsdeildarinnar. ■

EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Í SUÐUR-EVRÓPU Á HVERJUM SUNNUEGI

Ný kynslóð spænskra slátrara

Víctor vinur minn er stoltur baski og aðdáandi Athletic Bilbao. Hann verður alltaf jafn sár þegar ég spyr hann hvað sé að fréttu af slátraranum frá Bilbao, Andoni Goikoetxea. Bæði finnst honum svekkjandi að harðjajaxlinn gamli sé eiginlega eini leikmaðurinn úr sögu Bilbæinga sem við útlendingarnir könnumst við og svo þekkir hann Goikoetxea persónulega og segir kappann séntilmenni sem óverðskuldað hafi fengið þetta blóðuga víðurnefni. En Goikoetxea var óneitanlega tákn síðustu kynslóðar hinna dæmigerðu suður-evrópsku slátrara ásamt Claudio Gentile, heimsmeistara með ítölum 1982.

Reglugerðarbreytingar hafa þrengt mjög að harðjoxlum og slátrara eru deyjandi stétt. Þó ber svo til um þessar mundir að Spánverjar hafa eignast tvo nýja harðjajaxla sem vekja upp minningar um gömlu

slátrarana; miðvarðapar Sevilla-liðsins þá Javi Navarro og dr. Pablo Alfaro.

Doktor dauði

Rétt eins og Goikoetxea er dr. Pablo Alfaro mikið séntilmenni utan valla, lærdur kvensjúkdómalæknir og vinsæll fyrirlesari og viðmælendi í spjallþáttum. Á leikvelli er hann hins vegar grófasti leikmaður síðari ára og enginn núsþilandi hefur af jafnmörgum rauðum spjöldum að státa. Alfaro er leikmaður sem jafnvel Madrídjarjaxlinum Michel Salgado (sem af samherjanum David Beckham er sagður harðasti maður á plánetunni) þykir ganga lengra en sæmandi er. Á síðasta tímabili vann hann sér til frægðar að stinga fingri upp í endaparm andstæðings sem svo skemmtilega vill til að ber nafnið Toché, en honum hefur eflaust mislíkað „tötsið“, jafnvel þótt þar færi fær læknir alvanur slíkum skoðunum. Toché karlinn fór alveg úr sambandi við þetta en Alfaro, sem ber víðurnefnið „Dr. dauði“ komst á forsiður allra helstu blaða. Bæjarpressan í Sevilla snerist gegn honum og hörmuðu að í stað hins fræga „rakara í Sevilla“ væri nú frægasti maður borgarinnar þessi nútíma artfaki Goikoetxea, „slátrari“ í Sevilla“. Doktorinn lét sér fátt um finnst og notaði tímann til að mennta lærlinginn Javi Navarro, sem á þessari leiktíð hefur farið langt fram úr læriameistara sínum í fautaskap.

Flейri grófir

Í leik gegn Real Mallorca nýverið braut Navarro svo illa á Venesúlamanninum Juan Arango að sá endaði á gjörgæsludeild í tvo sólarhringa með kjálkabrot og heilahristing og sauma þurfti 47 spor í andlit hans. Brotið var kannski ekki það grófasta sem sést hefur en Navarro fór ansi hraustlega í Arango og hefði verðskuldað eitthvað meira en gula spjaldið sem slakur dómari leiksins veifaði. Enda fór pressan á Spáni hamförum og endaði það með því að Navarro var dæmdur í nokkurra leikja bann. Arango hefur jafnað sig að mestu en á eftir að fara í nokkrar heimsóknir til lýta-lækna.

Sevilla-menn hafa löngum gengist upp í að leika fast og þykir mörgum það miður, ekki síst í ljósi þess að liðið er léttleikandi og hefur náð stórgóðum árangri eins og sést á því að það berst nú um sæti í Meistaradeildinni. Fleiri lið eru svo sem þekkt fyrir að vera býsna föst fyrir, t.d. Valencia, en þar verður þó enginn af hinum grjóthörðu varnarmönnum sakaður um að vera grófur. Ásamt Sevilla-tvöeykinu hafa hins vegar skotið upp kollinum fleiri svartir sauðir nýverið. Pablo Garcia hjá Osasuna þykir allsvakalegur en tölfraðilega er Alberto Lopo hjá Espanyol verstur, með 17 gul spjöld og 4 rauð á síðasta tímabili, en hefur eitthvað róast þessa leiktíðina.



LÍÐIÐ MITT > ALFRED GÍSLASON SETUR SAMAN HEIMSLIÐIÐ SITT Í HANDBOLTA



Tveir Íslendingar í heimslíði Alfreds

Markvörður: Henning Fritz, Kiel: Mjög heilsteypur markvörður sem virðist alltaf verja mikilvægustu boltana í hverjum leik.

Línumaður: Gueric Kervadec, Créteil: Í mínum huga besti varnarmaður heims. Er mikill leiðtogi og einnig góður sóknarmaður.


Vínstra horn: Guðjón Valur Sigurðsson, Tusem Essen: Hann hefur leikið alveg fráberlega í vetur, ekki bara í sókn heldur líka í vörn.

Vínstri skytta: Sjarhei Rutenka, Celje Lasko: Hann hefur verið mjög sterkur síðustu ár og er alveg ótrúlega öflugur þrátt fyrir frekar ungan aldur.

Miðjumaður: Ivano Balic, Portland San Antonio: Leikstjórnandi af bestu gerð. Tekur góðar ákvarðanir, leikur félagana vel uppi og getur líka spilað fina vörn.

Hægri skytta: Ólafur Stefánsson, Ciudad Real: Óli er einn af þessum mönnum sem getur nánast allt og gerir mennina í kringum sig betri. Hann er hverju líði ómetanlegur þótt hann sé upp og niður í vörninni.

Hægra horn: Mirza Dzomba, Ciudad Real: Hann er bestur í þessari stöðu eins og er. Hann nýtir færin sín ótrúlega vel og er með góð afbrigði af skotum.



„Ég myndi vinna Meistaradeildina aftur með þetta lið í höndunum. Kannski ekki með vinstri en við færum samt alla leið.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna í handbolta úrslitaeinvígi

HAUKAR-ÍBV 22-19 (12-9)
Mörk Hauka: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6/4, Erna Þráinsdóttir 4, Ramune Pekarskyte 4, Harpa Melsted 2, Martha Hermannsdóttir 2, Inga Fríða Tryggvadóttir 2 Ragnhildur Guðmundsdóttir 1, Anna Halldórsdóttir 1.
Varin skot: Helga Torfadóttir 12, Kristína Matuzeviciute 3.
Mörk ÍBV: Alla Gokorian 7/2, Anastasia Patsiou 5, Eva Björk Hlödversdóttir 5, Darinka Stefanovic 1, Tatjana Zukovska 1.
Varin skot: Florentina Grecu 17.

Deildarvikar kvenna

ÍBV-KR 2-7
 Olga Færseth (21.), Hólmfríður Björk Magnúsdóttir (70.) – Hrefna Huld Jóhannesdóttir 3 (5., 34., 53.), Ásgerður Ingibergsdóttir 2 (4., 84.), Fjola Dröfn Friðriksdóttir (55.), Iris Símonardóttir (65.).
STJARNAN-BREIÐABLIK 1-4
 – Sandra Karlsdóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir, Fanndís Friðriksdóttir, Edda Garðarsdóttir.

Þýska úrvalsdeildin

DORTMUND-KAISERSLAUTERN 4-2
 Koller 2 (60., 73.), Ewerthon (12.), Kehl (29.) – Alintop (3.), Amanatidis (42.).
BIELEFELD-FREIBURG 3-1
 Porcello 3 (5., 55., 69.) – Cairo (15.).
BAYERN MÜNCHEN-BOCHUM 3-1
 Pizarro (9.), Ballack (26.), Makaay (63.) – Tapalovic (51.).
MAINZ-HANNOVER 2-0
 Abel (22.), Gerber (78.).
STUTTGART-WOLFBURG 0-0

HAMBURG-HANSA ROSTOCK 3-0
 Mpenza (49.), Benjamin (61.), Takahara (64.).
HERTHA-SCHALKE 4-1
 Marcelinho 2 (víti 34., 58.) Basturk (5.), Rafael (50.).

STAÐA EFSTU LIÐA

BAYERN	30	20	5	58-27	65
SCHALKE	30	18	2	10 46-35	56
STUTTGART	30	16	7	7 52-33	55
HERTHA	30	14	11	5 55-28	53
W. BREMEN	29	15	5	9 58-32	50
HAMBURG	30	16	2	12 54-46	50
L'KUSEN	29	13	7	9 50-37	46
DORTM.	30	12	9	9 40-40	45

Þýski handboltinn

DUSSELDORF-TUSEM ESSEN 27-25
 Alexander Peterson skoraði fjögur mörk fyrir Dusseldorf og Markús Máni Michaelsson 3.
 Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 8 mörk fyrir Essen.
GUMMERSBACH-MAGDEBURG 27-27
 Sigfús Sigurðsson skoraði 1 mark fyrir Magdeb.
LEMGO-POST SCHWERIN 38-22
 Logi Geirsson skoraði 7/1 mörk fyrir Lemgo.
KIEL-WETZLAR 30-24

FLENSBURG-LÜBBECKE 45-30

Þýski fótboltinn:

Bayern að vinna titilinn

FÓTBOLTI Bayern München er komið langleiðina með því að landa 19. þýska meistararitli félagsins eftir 3-1 sigur á Bochum því auk þess töpuðu aðalkeppinautar þeirra í Schalke stigum.

Bayern hefur nú níu stiga forskot á Schalke-liðið sem hefur nú tapað þremur leikjum í röð. Einn sigur í viðbót ætti að gulltryggja titilinn þar sem markatala Bayern er það góð.

Tilþrífalíttill sigur hjá Haukum

Haukastúlkur tóku forystuna í baráttuna um Íslandsbikarinn við ÍBV í gær þegar þær sigruðu fyrsta leik liðanna, 22-19. Bæði lið voru fjarri sínu besta og ollu vonbrigðum.

HANDBOLTI Íslandsmeistarar ÍBV í kvannahandknattleik eiga verk fyrir höndum eftir að þær töpuðu fyrstu rimmunni um bikarinn eftirsóttá á Ásvöllum í gær. Þótt ÍBV hafi skorað fyrsta mark leiksins voru það Haukar sem höfðu öll völd á vellinum nánast frá fyrstu mínútu. Þær keyrðu grimmt á Eyjastúlkur og röðuðu inn mörkum úr hraðaupphlaupum. Þær voru á góðri leið með að sökkva Eyjaliöðinu þegar Alfred Finnsson brá á það ráð að taka leikhlé eftir aðeins 12 mínútna leik en þá var staðan 6-2 fyrir Hauka.

Eyjastúlkur röknuðu aðeins við sér í kjölfarið en Haukastúlkur héldu áfram að keyra hratt og náðu fimm marka forystu, 10-5, en þá kom hinn kippur hjá gestunum og þær voru ekki fjarri heimastúlkum í leikhléi, 12-9. Það er reyndar ótrúlegt að munurinn skuli ekki hafa verið meiri í leikhléi því Alla Gokorian var sú eina sem lék af eðlilegru getu í fyrri hálfleik ásamt Florentinu Grecu markverði. Aðrir leikmenn voru einfaldlega í felum og ekki í neinum takti við leikinn.

Stanslaus eltingarleikur

Eltingarleikurinn hélt áfram í fyrri hálfleik. Haukar héldu ÍBV í hæfilegri fjarlægð og þegar Eyjastúlkur komust óþægilega nærri var stigið á bensínið á ný. Næst komust Eyjastúlkur að jafna í stöðunni 19-18 en lengra komust þær ekki.

Haukastúlkur fögnuðu sigri sem var vart til orða tekið tilþrífalíttill. Þær spiluðu mjög góða vörn framan af en svo fjaraði undan henni sem og sóknarleiknum sem

var skynsamur framan af. Haukar léku langar og skynsamar sóknir þar sem beðið var eftir góðu skotfæri en allur taktur datt úr sóknarleiknum eftir því sem leið á leikinn. Erna Þráinsdóttir lék best Hauka, nýtti skotin sín vel og skoraði góð mörk úr hraðaupphlaupum. Aðrir sóknarleikmenn Hauka léku undir getu en Ramune Pekarskyte getur þó afsakað sig með að hafa verið tekin úr umferð nánast allan leikinn.

Slök frammistaða

Ef Haukastúlkur voru slakar í leiknum þá voru Eyjastúlkur skelfilegar. Grecu varði ágætlega eins og oft áður en allt of fáir leikmenn lögðu lóð sín á vogarskálarnar úti á vellinum. Lengi vel biðu Eyjastúlkur eftir því að Alla tæki af skarið og ef hún gerði það ekki runnu sóknir liðsins út í sandinn. Patsiou hóf leikinn allt of seint og Eva Björk hefði mátt reyna mikið meira því hún skoraði nánast í hvert skipti sem hún vildi.

Bæði lið eiga mikið inni miðað við þessa viðureign og leiðin hjá þeim getur ekki legið annað en upp á við eftir þessa slöku frammistöðu. Haukastúlkum er eflaust slétt sama um hversu slakar þær voru því þær sigruðu og það er það eina sem skiptir máli.

Vorum ekki að spila vel

„Við byrjuðum ágætlega en síðan hleyptum við þeim inn í leikinn en blessunarlega tókum við þetta á lokasprettinum og kláruðum leikinn,“ sagði hornamaðurinn Hanna Guðrún Stefánsdóttir sem hefur oft leikið betur en öll hennar mörk komu úr vítum og hraða-



Í FÍNU FORMI Haukastúlkur Erna Þráinsdóttir var ein fárra sem komst vel frá leiknum á Ásvöllum í gær. Hún skoraði hér eitt fjögurra marka sinna í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

upphlaupum. „Við vorum ekki að spila vel í dag og því er léttir að hafa samt sigrað. Það verður fjör að fara til Eyja í næsta leik en okkur hefur

ekki gengið vel þar hingað til en það er kominn tími á sigur þar og við ætlum okkur að ná sigri þar í næsta leik.“

henry@frettabladid.is

Oddaleikur ÍBV og ÍR í undanúrslitum DHL-deildar karla í handbolta fer fram í Vestmannaeyjum í dag:

Komast Eyjamenn í lokaúrslitin í fyrsta sinn?

HANDBOLTI Eyjamenn geta brotið blað í sögu karlahandboltaliðs félagsins vinni þeir oddaleikinn gegn ÍR í Eyjum í dag en með því kemst liðið í fyrsta sinn í lokaúrslit úrslitakeppinnar. Liðin hafa unnið hvor sinn heimaleikinn, ÍBV vann fyrsta leikinn í Eyjum 30-29 og ÍR jafnaði metin með 33-29 sigri í öðrum leiknum í Austurbergi.

Það hefur verið hart tekið á í báðum leikjum og dómara hafa meðal annars rekið leikmenn liðanna út af í 68 mínútur í þessum tveimur leikjum. ÍR-ingar eiga hins vegar möguleika á að komast í lokaúrslitin í annað skipti á þremur árum en Breiðhyllingar töpuðu einmitt í bráðabana í oddaleik undanúrslitanna í fyrra.

Roland Valur Eradze fékk ekkert að spila síðustu 20 mínúturnar í síðasta leik en náði samt verja yfir 20 bolta í leiknum og

hefur því gert það í öllum fjórum leikjum úrslitakeppinnar. Roland hefur varið 24,5 skot að meðaltali í leik og 47,8% þeirra skota sem á hann hafa komið. ÍR-ingurinn Hannes Jón Jónsson er markahæsti leikmaður einvígisins til þessa auk þess að eiga ófáar stoðsendingarnar en Hannes hefur nýtt 15 af 21 skoti sínu í leikjunum tveimur sem gerir frábæra 71% skotnýtingu.

„Ahorfendur eiga að vera kolvítlausir á pöllumunum í Eyjum á sunnudaginn, það eru skilaboðin frá okkur til þeirra. Þeir eiga ekki að vera með slagsmál og læti heldur eiga þeir að mæta, búa til geðveikan hávaða og hvetja okkur til sigurs,“ sagði Erlingur Richardsson, þjálfari ÍBV, í samtali við Fréttablaðið eftir annan leikinn. Það má búast við að Eyjamenn taki hann á orðinu og fjölmenni í Höllina í dag en eins má búast við að harðir



SPENNA Í DAG Tryggvi Haraldsson skoraði fyrir ÍR gegn ÍBV í öðrum leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

stuðningsmenn Breiðhyllinga láti heldur ekki sitt eftir liggja. Sigurvegari leiksins tryggir sér sæti í úrslitunum gegn meisturum síðustu tveggja ára, Haukum.

FLEST MÖRK ÍBV Í FYRSTU TVEIMUR LEIKJUNUM: (SKOT)

Samúel Ívar Arnason	14/6 (23/8)
Títe Kalandaze	12 (21)
Zoltan Belányi	11/3 (17/4)
Sigurður Ari Stefánsson	9 (21)

FLEST MÖRK ÍR Í FYRSTU TVEIMUR LEIKJUNUM: (SKOT)

Hannes Jón Jónsson	15/5 (21/6)
Bjarni Fritzson	10 (16)
Ólafur Sigurjónsson	10/1 (18/1)
Tryggvi Haraldsson	8 (16)
Ingimundur Ingimundarson	8/4 (21/6)

KYNNUM NÆSTU KYNSLÓÐ TÆKNI TIL HVERS KONAR BYGGINGAFRAMKVÆMDA

LP40

4-átta laser bendill.

Lóðlína upp, lóðlína niður,
lárétt og hornrétt.

Sjálfstillandi, einfaldur í
notkun.

Upplagður við uppsetningar
á veggjum, flísa eða
teppalagnir



LL300

Sterkbygðasta laser tækið
á markaðinum! Þolir eins
meters fall niður á harðan
flöt og er mjög vel varinn
fyrir bleytu og óhreinin-
dum Leiðréttir sig sjálfur.
Auðveldur í notkun.

HV301

Eitt skarpasta og fjölhæ-
fasta lárétt/lóðrétt laser
tækið til margvíslegra nota
úti eða inni. Sjálfvirk still-
ling með einum takka gerir
uppsetningu einfalda og
fljótlega.

HD150

Hraðvirkur og þægilegur
hand- fjarlægðarmælir sem
mælir einnig og reiknar út
flatarmál og rúmmál.
Virkar hvort heldur er úti
eða inni með +/- 2 mm ná-
kvæmni. Dregur 150 metra.
Auðvelt að mæla áhættu-
laust á óaðgengilegum
svæðum.

LL200

Eins manns
laserbúnaður í
einni tösku.
Sendir, móttakari, stöng
og þrífótur í pakknum.
Borgar sig upp á einni
rafhlöðunotkun – 100
tímum.

WWW.TRIMBLE.COM

Ísmar hf. • Grandagarður 7-9 • 101 Reykjavík
Sími: 5105100 • Fax: 5105101 • www.ismar.is
© 2002 Trimble Navigation Limited.



ÍSMAR hf.



LYFTIR HANN BIKAR Í DAG? Heimir Guðjónsson fékk að lyfta Íslandsbikarnum í fyrfasumar og spurning hvort hann lyfti Atlantic-bikarnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Leikið um Atlantic-bikarinn í Egilshöll í dag:

Íslensk knattspyrna von- andi betra en sú færeyska

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH taka á móti Færeijarmeisturum HB í Egilshöllinni kl. 17 í dag er keppt verður um Atlantic-bikarinn þriðja sinni en það er árlegur leikur á milli Íslands- og Færeijameistaranna. KR og HB mættust í fyrstu tvö skiptin. KR sigraði fyrra skiptið í Frostaskjólum en HB náði fram hefndum í Færeijum í fyrra.

Fréttablaðið hafi samband við fyrirliða Íslandsmeistaranna, Heimi Guðjónsson, og spurði hann að því hvernig leikurinn leggjist í hann og hvernig ástandið væri í herbúðum Íslandsmeistaranna í dag.

„Það eru allir heilir fyrir utan Sverri Garðarsson sem er meiddur. Danirnir eru allir komnir og eru klárir í slaginn,“ sagði Heimir en hann segist lítið sem ekkert vita um færeyska liðið annað en að 70 manns hafi fylgt liðinu til landsins. „Við eigum von á erfið-

um leik enda lagði þetta lið KR að velli í fyrra og það sannfærandi. Við munum þurfa að hafa fyrir þessu.“

Það er farið að stytta í að Íslandsmótið hefjist og Heimir segir að svona leikir séu mjög vel þegnir á þessum tímamarki.

„Við erum alltaf að spila við sömu liðin og það er kærkomið að mæta nýjum andstæðingum. Við erum enn að slípa okkar leik enda með nýja menn í lykilstöðum og það er nokkuð verk eftir hjá okkur næsta mánuðinn,“ sagði Heimir en líta FH-ingar á það sem skandal tapi þeir leikum? „Það er erfitt að segja. Við munum engu að síður leggja allt í sölnar til þess að vinna þennan leik og við viljum að sjálfsögðu sýna að íslensk knattspyrna stendur framar þeirri færeysku. Við vonum það og trúum því,“ sagði Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH.

henry@frettabladid.is

Fólksbílar



Toyota Yaris



Fiat Panda



VW Polo



Toyota Corolla



Mitsubishi Lancer, sjálfskiptur



Skoda Octavia Station



Fiat Stilo Station



Dodge Caravan, 7 manna,
sjálfskiptur



Kia Magentis

Fólksbílar

kr. 3.900

litlir bílar

Jeppar



Toyota Rav4,



Suzuki Grand Vitara



Hyundai Santa Fe



Mitsubishi Pajero Sport,



Kia Sonento EX



Dodge Ram Pickup



Toyota Land Cruiser, sjálfskiptur

Jeppar

kr. 6.900

stórir bílar

Budget bílaleiga, Sími 562 6060, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík, www.budget.is
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri,
Egilsstöðum, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum, Þórshöfn, Þorlákshöfn og Bakka.

**Budget bílaleiga: 2 verð
einfalt val.**

Budget
Car Rental

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

21 22 23 24 25 26 27

Sunnudagur

LEIKIR

- 16.15 **ÍBV** og **ÍR** mættast í undanúrslitum Íslandsmóts karla í handbolta. Þetta er oddaleikur liðanna.
- 17.00 **FH** og **HB** mættast í Egilshöll í Atlantic bikarnum.

SJÓNVARP

- 11.20 **Skoski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik Celtic og Rangers.
- 11.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá San Marínó-kappakstrinum.
- 12.30 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik Portsmouth og Southampton.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik Man. Utd og Newcastle.
- 16.10 **Handbolti** á Ruv. Bein útsending frá leik ÍBV og ÍR.
- 16.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik Malaga og Barcelona.
- 18.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik Lazio og Juventus.
- 20.30 **Golf** á Sýn. Útsending frá opna Shell-Houston móttinu.
- 21.55 **Helgarsportíð** á Ruv. Íþróttir helgarinnar í einum pakka.

*kanntu ekki að
keyra aulinn þinn!*

HVITA HÚSD / SJÁ - 1689

Ert þú góð fyrirmynd í umferðinni?



UMFERÐARSTOFA



Náðu þínum hlut í ferðaveltu sumarsins

Sérblað um ferðir 5. maí

Ferðablaðið - sérblað Fréttablaðsins um ferðalög innanlands kemur út þann 5. maí. Farið er vítt og breitt um landið í fjölbreyttu efnisvali og fjallað um ýmsa ferðamöguleika ásamt flestu því sem ferðalangar þurfa að vita um landið okkar. Blaðið kemur út í yfir 100.000 eintökum um allt land.

Ferðablaðið er kjörin leið til að auglýsa ferðatengdar vörur eða þjónustu.

Auglýsendur hafi samband við Hinrik Fjeldsted í síma 515 7592 eða hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA : Dularfullt páfakjör

KRISTJÁNI HJÁLMARSSYNI FINNST EITTHVAÐ BOGIÐ VIÐ KOSNINGU JOSEPHS RATZINGER

MYND: HELGI SQUIRRESON



Eftir að Joseph Ratzinger var kjörinn páfi á þriðjudag hefur hver samsæriskeningin af fætur annarri sprottið fram. Líklega hafa bækur Dan Brown, *Da Vinci lykkillinn* og *Englar og djöflar*, fengið fólk til að sjá undarlega hluti í hverju horni þeirrar fornu stofnunar sem Vatíkanið er, sem og í hinum mystíska reyk sem stígur upp úr reykháfum á henni í hvert sinn sem kardinálarnir kjósa sér nýjan páfa.

Kenningarnar eru vissulega misgóðar en ljóst er að páfakjör-ið hefur alltaf verið mjög dularfullt. Ekki síst á þriðjudaginn. Það sést best þegar tölurnar sem tengjast hinum nýja páfa eru skoðaðar. Páfagarður hafði verið páfalaus í **sautján** daga þegar Ratzinger var kjörinn. Ratzinger tók sér nafnið Benedikt **sextándi**. Bókstafirnir í nafninu hans eru **fimmtán**. Hann er fæddur árið 1927 - tvisvar sjö eru **fjórtán**. Jólásveinarnir eru **þrettán** og lærisveinarnir voru **tólf**. Ellefu stafir eru í nafni heimabæjar hans, Markt am Inn, og boðorðin eru **tíu**. Kvaðratróttinn af 81 er **níu**, talan **átta** hefur oft verið tengd óhamingu og hver vika


hefur að geyma sjö daga. Páfinn hefur kvartað undan hinu sex stafa orði græðgi og samkvæmt fornri trú tákna talan **fimm** jafnmarga heilaga hluti sem flestir karlmenn bera. Kardinálarnir kusu páfann í **fjóru** atkvæðagreiðslu, talan **þrjú** myndar hina heilögu þrenningu, B í nafninu Benedikt er **annar** stafurinn í stafrófinu og páfinn trúir aðeins á **einn** guð.

Vísbendingarnar liggja nokkuð augljóslega fyrir. Tölurnar mynda einhvers konar niðurtalningu. Erfitt er þó að átta sig á hvert þær leiða okkur en eitt er þó víst: Það var eitthvað mjög undarlegt við kjör páfa á þriðjudag. ■

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



PÚ OG PA

Eftir SÖB



HVAD? HVENÆR? HVAR?

APRIL

21 22 23 24 25 26 27

Sunnudagur

KVÍKMYNDIR

20.00 Margmiðlunarsýningin **The Big Cry** eftir **Margrétu Sigurðardóttur** söngkonu verður í Hafnarhúsinu. Kvíkmyndabrotum er varpað á tvo skjái með lifandi djasstónlist.

TÓNLEIKAR

15.00 **Kristinn Sigmundsson** heldur tónleika í Laugarborg í Eyjafarðarsveit ásamt **Jónasi Ingimundarsyni** pianóleikara. Þeir flytja þýska ljóðasöngva eftir Schubert, Wolf, Brahms Strauss, Wolf, Loewe, Beethoven og Mahler.

16.00 Hátíðartónleikar Kirkjulistarviku **Kór Akureyrarkirkju, Kammerkór Norðurlands, Voces Thules, Guðlaugur Viktorsson** tenór, **Eiríkur Hreinn Helgason** bassi og organistararnir **Eyþór Ingi Jónsson** og **Björn Steinar Sólbergsson** flytja verk eftir Charles Marie Widor og Maurice Durufle á hátíðartónleikum kirkjulistarviku í Akureyrarkirkju. Gestastjórnandi er **Hörður Askelsson**.

16.00 Unglingadeild Söngskólans í Reykjavík lýkur starfsárinu með tónleikum í Tónleikaskólans þar sem nemendur á aldrinum 10-13 ára flytja meðal annars sviðsett atriði úr söngleikum **Oliver** ásamt **Jóni Leifssyni** baritónsöngvara í hlutverki Fagins. Pianóleikari er **Elin Guðmundsdóttir**.

17.00 **Borgarkórinn** heldur sína árlegu vortónleika í kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg. Stjórnendur eru **Sigvaldi Snær Kaldalóns** og **John Gear**, en sá síðarnefndi leikur einnig á píano.

17.00 Eldri félagar **Karлакórs Reykjavíkur** ásamt einsöngvurunum **Gunnari Guðbjörnssyni** og **Hönnu Dóru Sturludóttur** halda vortónleika í Ými við Skógarhlíð.

20.00 Söngsveitin **Filharmonía** flytur verkið **Carmina Burana** á vortónleikum sínum í Langholtskirkju. Flytjendur eru, auk Söngsveitarinnar **Filharmonía**, þau **Hallveig Rúnarsdóttir** sópran, **Ólafur Kjartan Sigurðarson** barítón og **Porgeir J. Andrés** tenór, pianóleikararnir **Guðrjúður St. Sigurðardóttir** og **Sólveig Anna Jónsdóttir**, sex slagverksleikarar og **Drengjakór Kársnes-skóla**. Stjórnandi er **Óliver Kentish**.

LEIKLIST

21.00 Leikfélag Sauðárkróks frumsýnir leikrit **Ólafs Hauks Símónarsonar**, **Prek** og **tár**, í leikstjórn **Jóns Stefáns Kristjánssonar**.

VIKA BÓKARINNAR

09.30 **Ljóðþingi** verður haldið áfram í dag í Háskóla Íslands, stofu 101 í Odda, þar sem 32 fræðimenn halda erindi um ljóðagerð. Fjallað verður jafnt um ljóð sem frumort eru á íslensku, þýdd ljóð og óþýdd erlend ljóð. Þingið er öllum opið.

15.00 Dagskrá í töluðu máli og tónum verður í Þjóðmenningarhúsinu um **Hallgrím Pétursson**. **Steinunn Jóhannsdóttir** rithöfundur leit ar svara við spurningunni hvað gerði Hallgrím að skáldi. **Bára Grímsdóttir** syngur og kveður nokkur kvæða Hallgríms, **Chris Foster** leikur undir á gítar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síð en sólarhring fyrir birtingu.

TÓNLEIKAR

Eldri manna söngur

Eldri félagar **Karлакórs Reykjavíkur** ásamt einsöngvurunum **Gunnari Guðbjörnssyni** og **Hönnu Dóru Sturludóttur** halda vortónleika í Ými í dag klukkan 17.

Söngskráin er að vanda fjölbreytt en þó er vert að vekja athygli á því að með þessum tónleikum er starfsemi kvartettsins „Leikbræðra“ sérstaklega heiðruð. Á þessu ári eru liðin 60 ár frá því Leikbræður byrjuðu að syngja saman og syngur kórinn af því tilefni syrpu af lögum sem þeir gerðu vinsæl.

Meðal kórfélaganna eru þeir Ástvaldur Magnússon og Friðjón



ELDRÍ FÉLAGAR KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR Þeir halda vortónleika í Ými í dag. Þórðarson, sem báðir voru í kvartettinum Leikbræðrum á sínum tíma. ■

Apótekarinn eftir Haydn

Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - Frumsýning

1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn

8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning

Ath. Aðgangur ókeypis

www.opera.isopera@opera.is

Sími: 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfrstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími:511 6400

Tenórinn

Vegna fjölda áskorana

Auka aukasýning

Laugardaginn 7. maí kl. 20

ÍDNÓ
Miðasala í
síma 562 9700
www.idno.is

Sjarnarbakinn
RESTAURANT

Avaxtakarfan
I AUSTURBÆ
Birgitta
Gadda Gulrot
...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18
pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 24. Apríl **UPPSELT**
Sunnudagur 1. Maí kl: 13:30
www.midi.is

RÉTTÓ
- árgerð 1953

Varst þú í Breiðagerðis- eða Réttarholtsskólanum og ert árgerð 1953?

Nú ætlum við að hittast í tilefni þess að í vor eru 35 ár frá því að 1953 árgerðin kvaddi RÉTTÓ. Það eru allir úr iHverfinu í fæddir 1953 hvattir til að mæta – við viljum sjá þig og eiga góða stund saman! Hafðu samband við okkur sem allra fyrst og í síðasta lagi 27.apríl, til að tilkynna þátttöku og fá upplýsingar.

Addý. s: 553-0653, Gústi s: 898-3950, Edda s: 848-3890, Einar s: 426-8137, Gunnar J. s: 551-4925, Jónas s: 894-6994, Palli s: 898-5858. Einnig er þátttökulisti hjá Gunna í Kjötborg Ásvallagötu 19....alltaf opið. Nánari upplýsingar og skráningu má einnig senda á netfangið edda@simnet.is

Frönsku námskeið

hefst 2. maí

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

Netfang: alliance@simnet.is
Vefang: <http://af.ismerent.is>

Innritunn til 29. apríl í síma 552 3870.



Sjá sýningar í dálk Borgarleikhússins

KLAUFAR
OG KÓNGSDÆTUR
ÖRFÁ SÆTI LAUS Í DAG!

Stóra sviðið kl. 20.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - /Eivindráheimur H.C. Andersen, Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Í dag sun. 24/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/5 kl. 14:00 uppselt, lau. 28/5 kl. 14:00.

DÍNAMIÐ - Birgir Sigurðsson

Frumsýning mið. 27/4 örfá sæti laus, 2. sýn. fös. 29/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 1/5 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 5/5 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 6/5 örfá sæti laus, 6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus.

MÝRARLJÓS - Marina Carr

Fim. 28/4 örfá sæti laus, sun. 8/5 örfá sæti laus.

Aðeins þessar tvær sýningar eftir!

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Lau. 30/4 uppselt, lau. 7/5 uppselt, fim. 12/5 uppselt, fös. 13/5 örfá sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20.00

GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson

Fim. 28/4 nokkur sæti laus, fös. 29/4 nokkur sæti laus. Sýningum að ljúka á Smíðaverkstæði. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh

Fös. 29/4 nokkur sæti laus, aukasýning sun. 1/5, fim. 5/5 örfá sæti laus, fös. 6/5 örfá sæti laus, mið. 11/5 nokkur sæti laus, lau. 28/5 uppselt.

Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is

Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Simapantanir frá kl. 10:00 virka daga.

Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.

Í kvöld kl 20, Fi 28/4 kl 20 - UPPSELT,

Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir

Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar

Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20

Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20

- Síðustu sýningar

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau

Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren

Í samstarfi við Á þakinu

Í dag kl 14 - UPPSELT,

Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17, Fi 5/5 kl 14,

Lau 7/5 kl 14, Su 8/5 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

TERRORISMI

e. Presnyakov bræður

Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.

Í kvöld kl. 20 - UPPS., Fö 29/4 kl 20 - UPPS.,

Lau 30/4 kl 20 - UPPS., Su 1/5 kl 20,

Mi 4/5 kl 20 - UPPS., Fi 5/5 kl 20 - UPPS.,

Fö 6/5 kl 20 - UPPS., Lau 7/6 kl 20 - UPPS.,

Su 8/5 kl 20

SVIK

eftir Harold Pinter

Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA

Í kvöld kl 20, Fi 28/4 kl 20 - Aukasýningar

RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ

e. Önnu Reynolds.

Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.

Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20

AUGNABLIKIÐ FANGAÐ

DANSLEIKHÚSIÐ

fjögur tímabundin dansverk

Í kvöld kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09

Aðeins þessar sýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhusid.isMiðasala á netinu www.borgarleikhusid.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudega, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga

12-20 laugardaga og sunnudag

SÖNGSVEITIN
FÍLHARMÓNÍACARMINA
BURANA

CARLORFF

Tónleikar í Langholtskirkju
sunnudag 24. apríl kl. 20
þriðjudag 26. apríl kl. 20

Einsöngvarar:
Hallveig Rúnarsdóttir, Ólafur Kjartan
Sigurðarson og Þorgeir J. Andrésen
Stjórnandi: Óliver Kentish
Miðar fást við innganginn, í versluninni
12 tónum, Skólavörðustíg 15 og hjá
kórfélögum.
Sjá nánar á www.filharmonia.mi.is

Steinar Bragi



„Eftir tiltekið rof í lífi mínu eyddi ég sumrinu í náttfötum, hitti fáa, fór ekki framúr, las ævintýri og vinkona mín færði mér mat í rúmið og kallaði mig ljúfling. Þegar ég fór að sofa þóttist ég stundum gráta en það var leikur, ég hafði aldrei haft það betra og var ekki krafinn um að uppfylla skyldur nema gagnvart sjálfum mér.“

- Það er rólegt yfir mælandanum í ljóðinu Biðstofan í Útgönguleiðum, nýrri bók Steinars Braga.

bækur

bækur@frettabladid.is

Sverðberinn verðlaunaður

Ragnheiði Gestsdóttur voru afhent Barnabókaverðlaun menntaráðs fyrir bestu frumsömdu barnabókina í ár á síðasta degi vetrar. Að þessu sinni hlaut hún verðlaunin fyrir *Sverðberann* sem kom út hjá Eddu útgáfu í haust. Hún hefur áður hlotið þessi verðlaun en það var árið 2001 fyrir unglingsöguna *40 vikur*. Það hefur verið skammt á milli gleðitiðinda hjá Ragnheiði undanfarið en í síðustu viku fékk hún Norrænu barnabókaverðlaunin 2005 fyrir höfundarferil sinn sem rithöfundur og myndlistarmaður, með sérstakri áherslu á *Sverðberann*. *Sverðberinn* segir frá Signýju sem slasast alvarlega í bílslysi og liggur í dái á sjúkrahúsi. Önnur höfuðpersóna sögunnar er *Leda*, en það er einmitt nafnið sem Signý hafði valið á persónu sína í hlutverka-leik. Sagan gerist á tveimur sviðum: Á sjúkrahúsinu fylgist lesandinn með fjölskyldu og vinum Signýjar og fær innsýn í líf þeirra, en Leda þarf að særa ishjarta drottningar í ævintýraheimi til að frelsa álfþjóð undan ánaud. Tilgangur Barnabókaverðlauna fræðsluráðs er að örva metnaðarfullar ritsmíðar og þýðingar fyrir börn og að vekja athygli á því sem vel er gert á þessum mikilvæga vettvangi íslenskrar bókaútgáfu. Úthlutunarnefndin er skipuð af fræðsluráði Reykjavíkur. Ragnheiður er fædd í Hafnarfirði 1953. Hún er kennari að mennt og stundaði einnig háskólánám í listasögu og bókmenntafræði. Ragnheiður er sem stendur formaður Síung, samtaka íslenskra barna- og unglingsbókahöfunda.



> Bók vikunnar ...

ENGAR OG DJÖFLAR eftir Dan Brown

Hafi fólk ekki nú þegar lesið þessa þétta spennusögu sem er forleikurinn að hinna geysivinsælu *Da Vinci lykilling* er nú lag en bókina hefur náð óvenju nánu sambandi við atburði liðandi stundar eftir að heimsbyggðin fylgdist andaktug með reykmerkjasendingum frá Páfarði. Englar og djöflar segir nefnilega meðal annars frá vali nýs páfa en svo óheppilega vill til að leynifélag sem hefur haft horn í síðu kapólsku kirkjunnar um árhundruða skeið hefur rænt kardinálunum fjórum sem eru líklegastir til að hreppa hnossið og hótar að drepa þá. Til að bæta gráu ofan á svart hyggjast skúrkarir jafna Vatíkanið við jörðu, gera það gjaldþrota og binda endi á alla reykjarframleiðslu þar á bæ.



Nietzsche var maður lífsins

„Ég er ekki maður. Ég er dínamít,“ sagði þýski heimspekingurinn Friedrich Nietzsche og átti við sprengikraftinn sem bjó í orðum hans og hugmyndum. Þessi sami sprengikraftur varð kveikjan að nýjasta leikriti Birgis Sigurðssonar, *Dínamít*, sem kviknaði í Edinborg 1992 þegar leikskáldið Birgir sá sjónvarpsþátt BBC um samband þeirra systkina Friedrichs og Elísabetar Förster-Nietzsche. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi við Birgi um Nietzsche, klassískan söng og konur.

Heimildarmyndin fjallaði um afbakani, rangtúlkanir og falsanir á verkum Nietzsches, sem gerði að verkum að auðvelt var að fella hugmyndir hans og skoðanir að kenningum fasisma og nasisma, en systir hans átti talsverðan þátt í því sem þjóðernissinni, þótt hún hafi engan veginn verið ein um þær afbakani. Þetta lá í samfélaginu frá lokum 19. aldar þegar þjóðernissinnar tóku Nietzsche upp á arma sína,“ segir Birgir, en leikrit hans *Dínamít* fjallar um samband þeirra systkina, vini Nietzsches og þá makalaus afbökun á verkum hans sem leiddi til hræðilegra hluta, enda verkið hádramatískt.

„Þau systkin voru afar nán í æsku en samband þeirra brenglaðist mikið þegar Elísabet giftist

stækum gyðingahatara, sem varð Nietzsche mikið áfall. Upp frá því urðu snörp átök, en hafði líka verið áður þegar Nietzsche varð ástfanginn af Lou Salome, sem síðar varð frægur rithöfundur og einn af nánustu lærisveinum Sigmunds Freud. Lou var bæði fögur og stórlega vel gefinn, en Elísabet hataðist við hana því hún vildi eiga bróður sinn ein,“ segir Birgir, en seinna meir notfærði Elísabet verk bróður síns til að græða á þeim og fullnægja eigin aðdáunarþörf og þrá eftir frægð og viðurkenningu.

Þjóðlegur Messías


Birgir segir hugmyndir flestra um Nietzsche lítaðar ætluðum tengslum hans við nasisma, en að á síðustu áratugum hafi menn uppgötvað að tengslin voru ekki fyrir hendi, heldur tilbúin meðan Nietzsche sjálfur gat ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

„Nietzsche varð geðveikur 1889 og alveg út úr heiminum til dauðadags. Fyrir veikindin voru verk hans sama og ekkert þekkt og enginn vissi hver hann var, en geðveikur verður hann skyndilega frægur og á svo skömmum tíma að líkja má við sprengingu. Í augum þýsku þjóðarinnar varð hann þjóðlegur, mystískur Messías þegar Þjóðverjar hrokast upp af menningaryfirburðum sínum og germanska kynstofsins, en hermenn fóru með bók hans *Also sprach Zarathustra* með sér í rassvasanum á vígvöllinn í fyrri heimstyrjöldinni,“ segir Birgir, en ævi og örlög Nietzsches var mikil harmsaga.

„Sjálfur var hann stórkostlega skemmtilegur og einhver mesti lífsjátandi sem hugsast getur. Langt frá því að vera þunglamelegur hugsuður, en vildi gleði, var þrælmyndin, háðskur og meinlegur. Hann var líflegasti heimspekingur sögunnar, maður lífs en ekki kenninga og hataði alla akademíska hugsun, en vildi að hugsun manna væri hluti af lífsreynslu þeirra sjálfra. Menn áttu að lifa lífinu til fulls.“

■ NÝJAR BÆKUR

Bækurnar **Herra Kjáni** og **Herra Djarfur** eftir Roger Hargreaves eru komnar út hjá JPV – bókaútgáfunni. Bækurnar um Herramennina komu fyrst út á íslensku fyrir um aldarfjórðungi síðan og nutu gífurlegra vinsælda hjá íslenskum börnum. Einungis hluti



LEIKSKÁLDIÐ OG RITHÖFUNDURINN BIRGIR SIGURÐSSON. Ætlaði að verða söngvari að ævistarfi og hafði stundað nám í klassískum söng á sjöunda ár þegar skáldagjöjan gerðist ágengari sönggyðjuni og sló vopnin úr höndum Birgis, sem hlýða varð yrkingum og skáldskap.

Fangi í eigin fangelsi

Þrátt fyrir að Nietzsche hafi verið 19. aldar heimspekingur segir Birgir boðskap hans eiga fullt erindi í nútímanum.

„Öll hans sýn á erindi til okkar. Nietzsche gagnrýnir samfélagið fyrir græðgi þess, efnishyggju, sjálfsánægju, andlega stöðnun og sjálfgefna síðferdishugmyndir. Það á fyllilega við í dag, og kannski aldrei betur.“

Birgir segir skrif leikritsins hafa verið eins og hverja aðra geggjum, enda sé geggjum að vera rithöfundur.

„Heimildavinnan hefur verið ofboðsleg, ég hef lesið tugi bóka og bréfasafna, en samfelld hefur vinnan tekið fimm ár og kominn tími til að stritinu ljúki. Ein af ráðgátum skáldskapar er hvernig hugmyndir koma til manns, en segja má að efni leiti á mann og láti mann ekki í friði, svo maður er knúinn áfram af tilfinningalegri þörf sem maður verður að sinna, líkt og fangi í eigin fangelsi. Maður kemst ekki út fyrr en búið er að afplána,“ segir hann hlæjandi og viðurkennir að bindast persónum sínum mjög tilfinningalegum böndum, hvort sem þær eru geðfelldar eða ógeðfelldar.

„Annars álíta margir, og þar með ég sjálfur, að mér hafi tekist best upp í því að skapa kvenpersónur. Ástæðan má vera sú að ég var föðurlaus og ólst upp hjá móður minni sem var afar sterkur persónuleiki. Konur komu og trúðu henni fyrir vandamálum sínum en litlir pottar hafa líka eyru. Maður vakti því oft yfir trúnaðarsamtölum kvenna sem komu til hennar. Því hef ég alltaf haft meiri áhuga á konum en körlum í skáldskap. Þær höfðu meira til mín og eru tilfinningalega flóknari verur en flestir karlar. Það finnst mér óskaplega áhugavert, bæði sem manni og skáldi,“ segir Birgir sem ætlaði sér að verða söngvari að vinstarfi.

„Ég átti í mikilli togstreitu um að verða söngvari eða rithöfundur en ég lærði klassískan söng í sex ár og fór það sjöunda til Amsterdams í framhaldsnám. Þá helltust yfir mig yrkingar og ég réð ekki neitt við neitt. Hef síðan ekkert sungið en bara skrifað, og aldrei nokkurn tímann séð eftir því.“

sköllóttum, andlitsþrúttum manni. Sama sólarhringinn er hann á kvöldgöngu meðfram sjónum og gengur fram á dauðan fugl, máv. Í millilendingu á flugvöllum í H*** kaupir hann sér kaffi og samloku og finnur sér sæti innan um fleira þreytulegt fólk sem angar af kæfisvefni. Steinar Bragi hefur áður sent frá sér ljóðabækur og skáldsögur, þar á meðal *Turninn*, *Ljúgðu*, *Gosi*, *Ljúgðu*, *Ahyggjudúkkur* og *Sólskinsfólkið*.

Þú átt nóg af peningum

[METSÖLULISTI]

EYMUÐSSON
MÁL OG MENNING
PENNINN

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 ÞÚ ÁTT NÓG AF PENINGUM
Ingólfur H. Ingólfsson
- 2 VERK AÐ VINNA
Geir Svansson – þýðandi
- 3 ENGLAR OG DJÖFLAR (KILJA)
Dan Brown
- 4 BJARGVÆTTURINN Í GRASINU
J.D. Salinger
- 5 HUGMYNDR SEM BREYTTU HEIMINUM
Felipe Fernández-Armesto
- 6 SKUGGA BALDUR (KILJA)
Sjón
- 7 ÍSLENDINGAR
Sigurgeir Sigurjónsson og Unnur Jökulsdóttir
- 8 BELLADONNA SKJALID (KILJA)
Ian Caldwell og Dustin Thomason
- 9 MEÐ KÖLDU BLÓÐI (KILJA)
Ian Rankin
- 10 HULDUSLÓÐ (KILJA)
Liza Marklund

